



# Nám og meðferðarstarfsemi í íslenskum fangelsum

Ísland í samanburði við Norðurlönd

Ágústa Dúa Oddsdóttir

Lokaverkefni til BA prófs  
Uppeldis- og menntunarfræðideild



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**

# **Nám og meðferðarstarfsemi í íslenskum fangelsum**

Ísland í samanburði við Norðurlönd

Ágústa Dúa Oddsdóttir

310892-2469

Lokaverkefni til BA prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Júlíusdóttir

Aðstoðarleiðbeinandi: Dögg Hilmarsdóttir

Menntavísindasvið

Háskóli Íslands

Júní 2016

## **Nám og meðferðarstarfsemi í íslenskum fangelsum**

Ísland í samanburði við Norðurlönd

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA prófs í uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© Ágústa Dúa Oddsdóttir 2016

Ritgerðina er óheimilt að afrita á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala Menntavísindasviðs

Reykjavík, 2016



## Útdráttur

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands og fjallar hún um betrun í íslenskum fangelsum. Stefnunótun fangelsisýfirvalda kveður á um að afplánun skuli ávallt leiða til betrunar þar sem það er ekki einungis jákvætt fyrir einstaklinginn sjálfan heldur samfélagið í heild sinni. Margvíslegar rannsóknir hafa sýnt fram á að í þessu samhengi skipta nám og meðferðarstarfsemi hvað mestu máli og því mikilvægt að hvoru tveggja sé í stöðugri þróun.

Markmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á nám og meðferðarstarfsemi í íslenskum fangelsum sem lið í betunarstefnu fangelsisýfirvalda. Til þess að fá dýpri innsýn í stöðu mála voru tekin hálfstöðluð upplýsingaviðtöl við náms- og starfsráðgjafa, meðferðarfulltrúa og forstöðumann Litla-Hrauns auk þess sem samanburður er gerður á starfseminni hér miðað við það sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Fyrir átta árum síðan var meðferðargangur settur á laggirnar á Litla-Hrauni, upphaflega sem tilraunaverkefni þar sem mikil óvissa ríkti varðandi áframhaldandi fjárveitingu. Mikilvægt er að kanna hvernig starfsemin hefur þróast samhliða náminu í gegnum árin og því er skoðað stöðu mála nú auk þess sem fjallað er um fyrirætlanir um breytingar á komandi árum. Út frá ofangreindum markmiðum eru rannsóknarspurningarnar mótaðar og er tilgangur ritgerðarinnar að leita svara við þeim ásamt því að bæta einhverju við fyrirbyggjandi þekkingu um viðfangsefnið.

Niðurstöðurnar benda til þess að meðferðargangurinn á Litla-Hrauni hafi fyrir löngu sýnt fram á góðan árangur og mikil afköst og því er ekki hægt að kalla hann tilraunaverkefni lengur. Jafnvel þó almenn fangelsismál séu með svipuðu móti á öllum Norðurlöndunum þá eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðum sínum hvað nám og meðferðarstarfsemi varðar. Miklar breytingar standa yfir í fangelsiskerfinu sökum byggingar nýs fangelsis sem markar ákveðin tímamót í íslenskum fangelsismálum. Vonir eru bundnar við að samhliða því muni jákvæðar breytingar á bæði námi og meðferðarstarfsemi eiga sér stað svo hægt sé að efla og þróa starfsemina enn frekar.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	5
Formáli.....	7
<b>1. Inngangur.....</b>	<b>7</b>
<b>2. Aðferð og framkvæmd .....</b>	<b>10</b>
<b>3. Fræðilegt sjónarhorn.....</b>	<b>12</b>
3.1. Áhættuhegðun og afbrot.....	13
3.2. Menntun fanga.....	16
3.3. Nám í íslenskum fangelsum .....	20
<b>4. Meðferðargangurinn á Litla-Hrauni – Dæmi um úrræði.....</b>	<b>25</b>
<b>5. Nám og meðferðarstarfsemi í norrænum fangelsum.....</b>	<b>32</b>
<b>6. Niðurstöður.....</b>	<b>37</b>
<b>7. Umræður .....</b>	<b>40</b>
<b>8. Lokaorð .....</b>	<b>41</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>42</b>
Viðauki 1: Viðtal við náms- og starfsráðgjafa.....	46
Viðauki 2: Viðtal við meðferðarfulltrúa.....	58
Viðauki 3: Viðtal við forstöðumann.....	67

## Formáli

Hugmyndin að þessu tiltekna ritgerðarefni kviknaði í vettvangsferð á Litla-Hrauni haustið 2013 þegar höfundur var á sínu fyrsta ári í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Í vettvangsnámi á Sogni haustið 2015 mótuðust skoðanir höfundar á námi og meðferðarstarfsemi í fangelsum enn frekar og hófst heimildaöflun og skipulagning ritgerðar um það leyti.

Ritgerð þessi hefði aldrei orðið til ef ekki væri fyrir ómetanlega hjálp og stuðning nokkurra aðila sem mig langar til þess að færa mínar fyllstu þakkir. Fyrst langar mig til þess að þakka leiðbeinanda mínum, Dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, fyrir faglegar ábendingar og hvatningu í gegnum allt ferlið. Aðstoðarleiðbeinandi minn, Dögg Hilmarsdóttir hjá Fangelsismálastofnun, fær sömuleiðis þakkir fyrir góða ráðgjöf og stuðning. Eins vil ég þakka viðmælendum mínum í rannsókninni fyrir að gefa sér tíma til þess að aðstoða mig eftir bestu getu og svara öllum mínum spurningum með greinargóðum svörum. Þeir eru Lóa Hrönn Harðardóttir náms- og starfsráðgjafi, Jón Þór Kvaran meðferðarfulltrúi og Halldór Valur Pálsson forstöðumaður Litla-Hrauns. Einnig vil ég þakka Einari Vali Oddssyni varðstjóra á Sogni og fangavörðunum Kristínu Jónu Símonardóttur og Reyni Jóhannssyni fyrir að taka vel á móti mér í vettvangsnámi mínu og veita mér góða innsýn í lífið innan veggja fangelsis. Loks vil ég þakka fjölskyldu minni, vinum og kærasta fyrir að hafa veitt mér mikinn stuðning alveg frá upphafi.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2016, 24. mars, <http://hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_\_. \_\_\_\_\_ 20\_\_

---

# 1. Inngangur

Líkt og fram kemur í kafla 4.1. hafa rannsóknir sýnt fram á að sláandi hátt hlutfall íslenskra fanga er að glíma við áfengis- og vímuefnavanda í afplánun og svipa þær tölur til þess sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Stefnumótun fangelsisyrvalda kveður á um að afplánun skuli ávallt leiða til betrunar og í því samhengi spila nám og meðferðarstarfsemi í fangelsum stórt hlutverk. Tengsl eru á milli menntunar í afplánun og lækkaðrar endurkomutíðni í fangelsi og því er það ekki einungis jákvætt fyrir fangann sjálfan að sinna námi á meðan hann afplánar sinn dóm heldur er það einnig samfélagslega jákvætt á margan hátt (sjá nánar í kafla 3.3).

Meðferðargangurinn á Litla-Hrauni var stofnaður í lok árs 2007 og var upphaflega hugsaður sem tilraunaverkefni til sex mánaða þar sem mikil óvissa ríkti varðandi áframhaldandi fjárveitingu. Markmið starfseminnar var að veita þeim föngum sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda stuðning og aðstoð við að vinna sig út úr vítahring andfélagslegs hugarfars, afbrotahegðunar og vinna bug á fíkninni. Nú er komin nokkur reynsla á meðferðarganginn og engin vísbending um annað en að sú starfsemi sem þar fer fram gefi góða raun og sé hann því kominn til að vera. Líkt og með alla góða meðferðarstarfsemi þarf hún aftur á móti að vera í stöðugri þróun og er meðferðargangurinn á Litla-Hrauni engin undantekning hvað það varðar.

Til þess að fá nána innsýn í stöðu mála á Íslandi er vert að skoða hvernig námi og meðferðarstarfsemi er háttað á hinum Norðurlöndunum og bera saman. Þó almenn fangelsismál á Íslandi svipi mjög til þess sem þekkist á Norðurlöndunum má segja að Ísland sé langt á eftir nágrannaþjóðum sínum að mörgu leyti hvað nám og meðferðarstarfsemi í fangelsum varðar. Sökum þessa er mikilvægt að Ísland taki skref í rétta átt með því að efla og þróa starfsemina enn frekar í takt við aðferðir Norðurlandanna sem skilað hafa marktækum árangri.

## *Markmið, tilgangur og rannsóknarspurningar*

Það að fangar hafi takmörkuð tækifæri til að mennta sig og fá fyrir það greidda þóknun er ekki óalgeng orðræða í íslensku samfélagi. Höfundur er aftur á móti þeirrar skoðunar að vistin skuli ávallt leiða til betrunar og því sé það ekki einungis einstaklingnum sjálfum til góðs að nýta tímann í afplánun til frekari menntunar heldur sé það einnig samfélagslega jákvætt. Höfundur er einnig fylgjandi þeirri hugmynd að meðferðarstarfsemi í fangelsum spili stórt hlutverk hvað betrun fanga varðar og því varð úr að þessi framangreindu atriði urðu að umfjöllunarefni í ritgerð þessari.

Til þess að fá heildstæða sýn á stöðu mála var ákveðið að gera stuttan samanburð á námi og meðferðarstarfsemi í íslenskum fangelsum miðað við Norðurlöndin og eru rannsóknarspurningar mótaðar út frá því. Leitað er svara við tveimur rannsóknarspurningum



sem eru eftirfarandi: „Hvernig hefur starfsemi meðferðargangsins á Litla-Hrauni gengið frá því að hann var settur á laggirnar sem tilraunaverkefni síðla árs 2007?“ og „Hvar stendur Ísland varðandi nám og meðferðarstarfsemi í fangelsum í samanburði við hin Norðurlöndin?“

Helstu markmið ritgerðar eru að skýra frá ýmsum fræðilegum hugtökum er tengja uppeldis- og menntunarfræði við afbrotfræði og réttarfélagsráðgjöf auk þess sem varpað er ljósi á hvernig námi og meðferðarstarfsemi er háttað í íslenskum fangelsum í samanburði við hin Norðurlöndin. Þar sem ofangreindir þættir gegna stóru hlutverki í betrun fanga er mikilvægt að Íslendingar geri enn betur við að efla og þróa starfsemina í takt við aðferðir nágrannaþjóða okkar sem skilað hafa marktækum árangri. Umfjöllun um stöðu mála á meðferðargangi Litla-Hrauns er einkar mikilvæg þar sem lítið hefur verið skrifað um starfsemi hans síðastliðin sjö ár. Með þessu eru vonir bundnar við að hægt sé að bæta einhverju nýju við fyrirbyggjandi þekkingu um viðfangsefnið.

Ritgerðin skiptist í fimm kafla sem allir hafa nokkra undirkafla. Kafli 2 snýr að aðferð og framkvæmd við heimildaöflun og vinnslu ritgerðarinnar. Kafli 3.1. er fræðilegur og fjallar hann um áhættuhegðun og afbrot. Kaflinn skiptist í nokkra undirkafla sem hver og einn skýrir frá tilteknu hugtaki eða kenningu á borð við unga afbrotamenn, áhættuhegðun ungmenna og félagslegt taumhald. Kafli 3.2. er einnig fræðilegur en hann snýr að menntamálum fanga. Þar er til dæmis fjallað um brottfall úr námi, fullorðinsfræðslu og tengsl menntunar og afbrotahæðunar. Kafli 3.3. er að hluta til fræðilegur en í honum er einnig stuðst við munnlegar heimildir. Hann fjallar um nám í íslenskum fangelsum út frá lagarammanum ásamt því að varpað er ljósi á hvernig aðstæður eru til náms á Litla-Hrauni og Sogni, hvernig daglegt skipulag fer fram og hver framtíðarsýnin sé. Kafli 4 fjallar um meðferðarganginn á Litla-Hrauni eins og hann leggur sig, allt frá stofnun hans fyrir átta árum til fyrirætlana um breytingar á komandi árum og allt þar á milli. Kaflinn er að mestu leyti byggður á munnlegum heimildum en stuðst er við fræðilegar heimildir þar sem við á. Kafli 5 er svo samanburðarkafli en hann fjallar um nám og meðferðarstarfsemi á Norðurlöndunum, eða nánar tiltekið í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Í niðurstöðukaflanum í lokin er varpað fram helstu niðurstöðum ritgerðar og í umræðukafla eru þær reifaðar enn frekar og rannsóknarspurningum svarað.

## 2. Aðferð og framkvæmd

### *Fræðilegt sjónarhorn*

Fræðilega sjónarhorn ritgerðar er byggt á margvíslegum heimildum, innlendum sem og erlendum, sem aflað var með hefðbundnum hætti. Heimildirnar eru ýmist rannsóknir, skýrslur, greinar, ritgerðir og lög er tengjast viðfangsefni ritgerðar og er þeirra getið í heimildaskrá.

Helstu íslensku rannsóknirnar sem stuðst var við í fræðilega sjónarhorni ritgerðar eru rannsókn þeirra Kristjönu Stellu Blöndal og Jón Torfa Jónassonar um afstöðu til skóla, félagslega og sálfræðilega þætti, rannsókn þeirra Boga Ragnarssonar og Helga Gunnlaugssonar á menntun, menntunarbakgrunni og námsáhuga íslenskra fanga ásamt langtímarannsókn sem framkvæmd var af Kristjönu Stellu Blöndal og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur á áhrifum foreldra á skuldbindingu nemenda til náms. Eins er stuðst við rannsókn á námi fanga í afplánun sem þær Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttur framkvæmdu og könnun á vímuefnaneyslu grunnskólanema í 8., 9., og 10. bekk árið 2007 en að henni stóðu Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. Einnig er vitnað í nokkrar íslenskar lokaritgerðir og má þar til dæmis nefna meistararitgerð Aðalheiðar Drafnar Eggertsdóttur um menntun í fangelsum, meistararitgerð Írisar Eikar Ólafsdóttur um markmið fangelsisvistunar og doktorsritgerð Sigrúnar Harðardóttur um líðan framhaldsskólanemenda. Helstu reglugerðir og lög sem vitnað er í eru Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Barnaverndarlög, lög um fullnustu refsinga og önnur lög er tengjast viðfangsefni ritgerðar. Einnig er stuðst við ýmsar skýrslur og greinargerðir frá Menntamálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun þar sem við á. Skilgreining Freydísar Jónu Freysteinsdóttur á áhættuhegðun ungmenna er notuð auk þess sem vitnað er í fleiri skrif hennar. Erlendar fræðilegar heimildir eru notaðar í kaflanum um félagslega taumhaldskenningu Travis Hirschi sem og í kaflanum um menntun og afbrotahæðun samhliða öðrum heimildum. Ýmsar heimildir eru fengnar frá Fangelsi.is sem ýmist eru skýrslur, greinargerðir og aðrar upplýsingar. Í kaflanum um nám og meðferðarstarfsemi í norrænum fangelsum er að mestu leyti stuðst við heimildir sem fengnar voru hjá Fangelsismálastofnun í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Vert er að taka fram að í fræðilega sjónarhorni ritgerðar er einnig stuðst við munnlegar heimildir sem fengnar voru í vettvangsnámi höfundar í fangelsinu Sogni annars vegar og hins vegar með upplýsingaviðtölum við Lóu Hrönn Harðardóttur náms- og starfsráðgjafa, Jón Þór Kvaran meðferðarfulltrúa og Halldór Val Pálsson forstöðumann Litla-Hrauns.

### *Eigindleg rannsóknaraðferð*

Eigindleg rannsóknaraðferð byggir á aðleiðslu, nákvæmni og er hún kerfisbundin (Schutt, 2012). Þessi aðferð hentar einkar vel þegar afla skal upplýsinga um eitthvað tiltekið viðfangsefni sem hefur verið rannsakað talsvert lítið en einnig til þess að öðlast dýpri skilning á reynslu og viðhorfum tiltekinna einstaklinga eða hópa þar sem hún gefur heildstæða mynd af aðstæðum fólks (Schutt, 2012). Í ljósi þess hve tiltölulega fáar ritaðar heimildir eru til staðar um meðferðarganginn á Litla-Hrauni og starfsemi hans var ákveðið að höfundur skyldi taka þrjú upplýsingaviðtöl með hálfstöðluðum spurningum við einstaklinga er viðfangsefnið varða og eru nokkrir kaflar ritgerðarinnar því að hluta byggðir á lítilli, eigindlegri rannsóknarvinnu.

Í febrúar 2016 hafði aðstoðarleiðbeinandi höfundar samband við Lóu Hrönn Harðardóttur náms- og starfsráðgjafa, Jón Þór Kvaran meðferðarfulltrúa og Halldór Val Pálsson forstöðumann Litla-Hrauns og óskaði eftir leyfi fyrir stuttum viðtölum. Þegar jákvæð svör höfðu borist frá öllum tilvonandi viðmælendum setti höfundur saman þrjá mismunandi spurningalista til viðmiðunar og samanstóðu þeir af um það bil 20 spurningum hver. Viðtölin voru tekin í eftirmiðdaginn þann 26. febrúar 2016 á Litla-Hrauni og síðar afrituð nokkuð nákvæmlega (sjá í viðauka ritgerðar).

### *Siðferðileg álitamál*

Viðtölin voru ekki tekin fyrir en fengist hafði upplýst samþykki fyrir þeim. Áður en eigindlegar rannsóknir af þessu tagi eru framkvæmdar er mikilvægt að gera tilvonandi viðmælendum grein fyrir því að fullum trúnaði sé heitið ef þeir óska eftir því (Schutt, 2012). Þar sem viðmælendur í ritgerð þessari töldu slíkt vera óþarft hefur nöfnum þeirra og starfsheitum ekki verið breytt á nokkurn hátt auk þess sem allir viðmælendur gáfu góðfúslegt leyfi fyrir því að viðtölin yrðu tekin upp á upptöku og afrituð. Þegar unnið er með viðkvæmari hópa í sambærilegum rannsóknum er aftur á móti nauðsynlegt að vernda persónurétt hvers og eins og sjá til þess að fullum trúnaði sé heitið þar sem það er ábyrgð og skylda rannsakanda að sjá til þess að þátttakendur verði ekki fyrir skaða (Schutt, 2012). Í eigindlegum rannsóknum eru margvísleg siðferðileg álitamál sem upp geta komið og má þar til dæmis nefna misferli í rannsókninni, mistúlkun á upplýsingum, brot á höfundarrétti og brest í trúnaði (Schutt, 2012). Í rannsókn þessari komu sem betur fer engin slík vandkvæði upp enda ekki unnið með viðkvæmar upplýsingar.

### 3. Fræðilegt sjónarhorn

Efni þessarar ritgerðar fellur undir réttarfélagsráðgjöf. Réttarfélagsráðgjöf er viðurkennt svið til sérfræðileysis í félagsráðgjöf og hefur starfið frá upphafi tengst margvíslegum afbrotamálum þar sem föngum og aðstandendum þeirra er veitt aðstoð við félagslegum og tilfinningalegum vanda sínum (Sigrún Júlíusdóttir, 2005). Í starfinu felst meðal annars fangavernd í samstarfi við félagsþjónustu, skóla og lögreglu til eftirfylgdar, skilorðseftirlit, sérhæfð vinna með kvenkyns föngum og ungum afbrotamönnum, meðferð og þjónusta fyrir ósakhæfa einstaklinga og margt fleira. Í dag er lögð meiri áhersla á gæðamat og hefur rannsóknartengdum meðferðum í fangavernd farið fjölgandi samhliða því (Sigrún Júlíusdóttir, 2005). Það er ekki sjálfgefið að öðlast réttindi sem réttarfélagsráðgjafi en skilyrðin fyrir því eru að viðkomandi hafi lokið bæði framhaldsnámi og aðfararnámi í faginu, hafi stundað sérnám, starfsþjálfun og skrifað lokaritgerð. Auk þess þarf viðkomandi í kjölfarið að hafa starfað í að minnsta kosti 12 mánuði á stofnun sem veitir meðferð, ráðgjöf eða þjónustu fyrir gerendur eða þolendur og aðstandendur þeirra auk 12 mánaða starfsreynslu á deildum eða stofnunum innan greinarinnar til viðbótar (Reglugerð um sérfræðileysi í félagsráðgjöf nr. 555/1999). Fræðilega sjónarhorn ritgerðar tengir uppeldis- og menntunarfræði við afbrotufræði sem fellur undir svið réttarfélagsráðgjafar. Hér er fjallað um margvísleg fræðileg hugtök og kenningar sem tengjast viðfangsefni ritgerðar en til þess að styðja málið enn frekar er einnig notast við munnlegar heimildir þar sem við á.

### 3.1. Áhættu hegðun og afbrot

#### 3.1.1. Ungir afbrotamenn

Í 1. mgr. 3. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að einstaklingur skilgreinist fullorðinn þegar hann hefur náð 18 ára aldri (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Þar sem sakhæfisaldur á Íslandi er 15 ára gefur til kynna að í einstaka tilfellum er að finna afbrotamenn sem skilgreinast sem börn í íslenskum fangelsum (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1999).

Í 37. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur aftur á móti fram að taka eigi tillit til þarfa afbrotamanna undir lögaldri og halda þeim aðskildum frá fullorðnum, nema það sé talið þeim fyrir bestu (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna nr. 18/1992). Í tvígang hefur verið reynt að sporna við því að börn sem brotið hafa lög afpláni dóma með fullorðnum föngum á Íslandi, annars vegar árið 1941 og hins vegar árið 1961 (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1999). Með gildandi lögum var aftur á móti fallið frá slíkum áformum um unglíngavinnuhæli eða sérstakt fangelsi ætlað föngum undir 22 ára aldri og það gefur því augaleið að innan veggja íslenskra fangelsa eru ungir afbrotamenn að afplána dóma sína með fullorðnum föngum (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1999).

Börn sem sýna árásgjarna hegðun, óháð kyni, eru líkleg til þess að sýna einnig slíka hegðun þegar þau eru komin á fullorðinsaldur (Kokko og Pulkkinen, 2005). Í þessu samhengi spannar árásgjörn hegðun til dæmis að leggja aðra í einelti með ljótum orðum eða líkamlegum árásum og allt þar á milli (Kokko og Pulkkinen, 2005). Margvíslegar rannsóknir hafa sýnt fram á að bág efnahagsstaða foreldra, fjölskyldusundur og áfengis- og vímuefnaneysla foreldra eru allt áhættuþættir sem auka líkur á frávíkshæðun barna og ungmenna. Jafnvel þó flestir fræðimenn geti verið sammála um þessi tölfræðilegu sambönd hefur þeim verið lýst á ólíkan hátt (Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2007).

#### 3.1.2. Áhættu hegðun ungmenna

##### *Skilgreining á áhættu hegðun*

Samkvæmt Barnaverndarstofu er áhættu hegðun barna og ungmenna, oftast miðað við 13 ára og eldri, skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn sem veldur einstaklingnum skaða eða er líkleg til þess að valda honum eða öðrum skaða (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Þegar um áhættu hegðun er að ræða eru töluverðar líkur á óæskilegri þróun. Áhættu hegðun getur átt rætur að rekja til margvíslegra hegðunarvandkvæða í barnæsku eða einfaldlega hafist snemma á unglingsárum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008). Þegar upphafið er rekið aftur til barnæsku eru töluverðar líkur á að hegðunin þróist út í andfélagslega hegðun á fullorðinsárum.

Áhættu hegðun ungmenna getur birst í ótal myndum og má þar helst nefna afbrotahæðun,

skemmdarverk, áfengis- og vímuefnanotkun, vændi og árásarhneigð. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á tengsl á milli misbrests í uppeldi og áhættuhegðunar síðar meir. Nokkuð snemma í lífi barns er mögulegt að greina hvort um sé að ræða vanrækslu, skort á stuðningi, aga eða eftirliti í uppeldi barnsins. Þegar barn á leikskólaaldri sýnir einhvers konar hegðunarvandkvæði eru miklar líkur á að eitthvað af framangreindum atriðum hafi haft áhrif auk þess sem þessi óæskilega hegðun hafi líklega verið jákvætt styrkt af uppeldisaðilum þess. Börn sem sýna slíka hegðun eru oft að glíma við vanlíðan og jafnvel þunglyndi, námsárangur þeirra verður slakari og þeim er gjarnan hafnað af jafnöldrum sínum. Á unglingsárunum er líklegt að ungmenni sem glímt hafa við hegðunavanda í barnæsku fari að sýna alvarlegri birtingarmyndir af áhættuhegðun á borð við afbrotahægðun og harða áfengis- og vímuefnaneyslu. Ef ekki er komið í veg fyrir frekari þróun á hegðuninni eru töluverðar líkur á að einstaklingurinn muni ekki koma til með að virða reglur samfélagsins og þróar þar af leiðandi áfram með sér andfélagslega hegðun á fullorðinsárum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

### 3.1.3. Félagslegt taumhald

Travis Hirschi er upphafsmaður kenningarinnar um félagslegt taumhald en í stuttu máli felur hún í sér að hafi einstaklingur sterk tengsl og skuldbindingu til hefðbundinna gilda samfélagsins hamli það félagslegri frávikshægðun (John Jay Research and Evaluation Center, 2013). Þörfin fyrir að tilheyra og tengslin við aðra eru grundvallarmannréttindi sem hafa áhrif á ýmis hegðunar-, tilfinninga- og andleg ferli. Samkvæmt Hirschi er mikilvægasta spurningin innan afbrotufræðinnar ekki: „Hvers vegna gera þeir þetta?“ Heldur frekar: „Afhverju erum við ekki öll að gera þetta?“

Í því samhengi má nefna að þegar einstaklingur hefur sterk tengsl til samfélagsins koma þau í veg fyrir eða takmarka afbrotahægðun og aðra frávikshægðun. Veik eða brotin tengsl valda ekki frávikshægðun heldur leyfa því beinlínis að gerast. Ungmenni hafa því lítinn áhuga á frávikshægðun þegar þau eiga í góðum samskiptum við aðra, læra mikilvæga hæfni og fá fyrir hana viðurkenningu, eiga í sterkum samböndum og öðlast þannig ákveðna virðingu innan samfélagsins (John Jay Research and Evaluation Center, 2013). Í stuttu máli er því hægt að segja að kenningin um félagslegt taumhald snúi að tengslunum á milli einstaklinga og samfélagsins í heild sinni (Durkin, Wolfe og May, 2007).

Tengsl ungmenna við foreldra sína spilar stórt hlutverk. Þegar skoðuð er margvísleg áhættuhegðun ungmenna á borð við vímuefnaneyslu, afbrot og ofbeldishegðun virðast aðstæður heima fyrir ávallt skipta miklu máli eins og með svo margt annað. Rannsóknir á sviðinu hafa til að mynda bent á mikilvægi jákvæðra tengsla á milli foreldra og ungmenna í því samhengi. Þau ungmenni sem eru í góðum tengslum við foreldra sína eru meðvitaðri um væntingar þeirra til sín og vilja þar af leiðandi síður valda þeim vonbrigðum með því að sýna

einvers konar áhættu hegðun. Að sama skapi hafa ungmenni færri tækifæri til þess að sýna af sér áhættu hegðun þegar foreldrar fylgjast náið með ferðum þeirra og gjörðum (Durkin, Wolfe og May, 2007).

## 3.2. Menntun fanga

### 3.2.1. Brottfall úr námi

Hugtakið brottfall úr námi hefur verið skýrt með ólíkum hætti. Í sumum rannsóknum er brottfall úr námi notað í víðu samhengi og á við það að byrja í einhvers konar námi án þess að ljúka því á meðan aðrar rannsóknir nota hugtakið brottfallsnemendur sem einskorðast við þá nemendur sem byrja í framhaldsskóla og ljúka ekki náminu eða fara yfirhöfuð ekki í framhaldsskóla (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002).

Margir þættir lífi einstaklings eru taldir hafa áhrif á hvort hann flosni upp úr námi og virðast sálfélagslegu þættirnir spila stórt hlutverk í því samhengi. Í doktorsverkefni sínu framkvæmdi Sigrún Harðardóttir (2015) veigamikla rannsókn á framhaldsskólanemendum með því markmiði að kanna sálfélagslega líðan einstaklinganna við upphaf náms í framhaldsskóla og tengsl þess við námsframvindu. Tilgátan var sú að líðan við upphaf náms hefði áhrif á námsframvindu þannig að þeir nemendur sem glímdu við námserfiðleika væru í meiri hættu á að flosna upp úr námi en aðrir. Niðurstöðurnar bentu meðal annars til þess að tilgátan sé á rökum reist. Nemendur sem eiga við einhvers konar námsvanda að etja eru líklegri til þess að verða brottfallsnemendur og sálfélagsleg líðan þeirra er almennt slakari (Sigrún Harðardóttir, 2015).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að brottfall úr námi getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild sinni (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014). Niðurstöður rannsókna í mörgum mismunandi löndum á nemendum sem flosna upp úr námi hafa allar sýnt fram á neikvæðar afleiðingar í því samhengi. Slíkir einstaklingar eiga yfirleitt minni atvinnumöguleika, þeir eru líklegri til þess að eiga við ótal heilsufarsleg vandamál að stríða, sýna af sér margvíslega áhættuhegðun og treysta á framfærslustyrk í framtíðinni svo fátt eitt sé nefnt (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014).

Stór meiri hluti íslenskra fanga hefur ekki lokið stúdentsprófi og sumir jafnvel ekki grunnskólaprófi (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007). Brottfallið virðist vera langmest á milli grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins. Þetta helst í hendur við frásögn Lóu Hrannar, náms- og starfsráðgjafa á Litla-Hrauni, en að hennar sögn er stór hluti fanga sem stundar þar nám brottfallsnemendur. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Eftir að námsráðgjafi á vegum Fjölbrautarskóla Suðurlands hóf að sinna menntamálum fanga, veita þeim ráðgjöf og stuðning snemma árs 2008 hefur aftur á móti dregið töluvert úr brottfalli þeirra úr námi og hefur námsárangurinn batnað samhliða því (Ríkisendurskoðun, 2010).



### 3.2.2. Fullorðinsfræðsla

Hugtakið fullorðinsfræðsla, einnig kallað framhaldsfræðsla, er gjarnan notað yfir fræðslu og skólastarf fullorðinna einstaklinga sem almennt hafa litla menntun að baki (Jón Torfi Jónasson, 2013). Slíkt fræðslustarf fer oftast en ekki fram utan skólakerfisins með einum hætti eða öðrum. Í lögum um framhaldsfræðslu frá 1. október 2010 er hugtakið fullorðinsfræðsla sniðgengið og alla jafna notast við orðið framhaldsfræðsla til þess að varpa ljósi á afmarkaða skírskotun laganna. Í lögnum kemur einnig fram að fræðslan sé ætluð öllum þeim er þiggja einhvers konar fræðslu utan hefðbundins skólakerfis jafnvel þó þessir tilteknu einstaklingar hafi hvorki lokið stúdentsprófi eða öðru prófi sem jafngildir því né iðnnámi af einhverju tagi (Jón Torfi Jónasson, 2013).

Út frá framangreindum upplýsingum má því segja sem svo að í íslenskum fangelsum fari fram framhaldsfræðsla þar sem fræðslan á sér ekki stað með hefðbundnum hætti í almennu íslensku skólakerfi heldur innan veggja fangelsis auk þess sem flestir fangar eru á fullorðinsaldri. Niðurstöður rannsóknar sem Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson (2007) framkvæmdu á menntun, aðstæðum menntunar og námsáhuga íslenskra fanga leiddu til að mynda í ljós að stór meirihluti fanga væru brottfallsnemendur auk þess sem ríflega þriðjungur fanga höfðu ekki lokið grunnskólaprófi (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007). Þar sem stór meirihluta fanga sem eru í námi eða hafa áhuga á að hefja nám í afplánun eru fullorðnir einstaklingar er mikilvægt að skipulag kennslunnar sem þar fer fram taki mið af kennslu fullorðinna og þeim kennsluáferðum sem þar eru notaðar (Menntamálaráðuneytið, 2007).

#### *Hinn fullorðni námsmaður*

Það sem einkennir fullorðinn námsmann er meðal annars það að hann hefur oft á tíðum lítið sjálfstraust í upphafi sem leiðir af sér ákveðna þörf fyrir öryggi ásamt leyfi fyrir því að gera mistök. Fullorðinn námsmaður hefur ríka tilhneigingu til þess að verja eigið sjálf og er sömuleiðis líklegur til þess að setja upp varnarskjöld ef honum gengur illa eða finnst að sér vegið með einhverjum hætti. Slíkt getur sett hömlur á nám og smitað út frá sér, þá sér í lagi þekkist nemendahópurinn lítið. Fullorðinn námsmaður hefur gjarnan einhverjar fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvers hann væntir að fá út úr náminu og vill sjá árangur strax.

Fullorðnir námsmenn eru gjarnan að kljást við margvíslegar hindranir í sínu lífi sem hafa áhrif á menntun þeirra. Þessar hindranir eru af ýmsum toga en eru gjarnan tengdar einhvers konar aðstæðum í þeirra daglega lífi. Í því samhengi má nefna tíma, kostnað, skyldur, börn, fjölskyldu og vini. Þessar hindranir eru þó einnig oft á tíðum tengdar ýmsum félagslegum þáttum á borð við afstöðu til náms, sjálfstrausti, sjálfsímynd og aldri (Menntamálaráðuneytið, 2007).

### 3.2.3. Menntun og afbrotahæðun

Líkt og kom fram hér að ofan getur brottfall úr námi haft ótal slæmar afleiðingar í för með sér og má þar einna helst nefna áhættuhegðun sem birtist í ýmsum myndum (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014). Bæði innlendar sem og erlendar rannsóknir hafa einnig bent á aðra áhrifaþætti úr nærsamfélaginu og má þar til dæmis nefna samband við foreldra, eftirlit, viðhorf til náms og líðan í skóla. Nemendur sem eru jákvæðir gagnvart námi og skóla og líður vel í námsumhverfinu eru líklegri til þess að leggja á sig það sem þarf til þess að vegna vel í skóla (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2007).

Að sama skapi má nefna að þeir nemendur sem ekki eru skuldbundnir sínu námi og leggja sig ekki fram í skólanum eru líklegri en aðrir til þess að sýna afbrotahæðun á unglingsárum og fram á fullorðinsaldur auk þess sem þeir eru líklegri til þess að komast í kast við lög (Law library – American law and legal information, e.d.). Barnæska afbrotamanna einkennist oftast en ekki af slæmu gengi í skóla, félagslegri einangrun og tíðum búferlaflutningum svo fátt eitt sé nefnt. Þessir þættir eru að sama skapi taldir hafa einna mest áhrif á að einstaklingarnir hellast í kjölfarið út í fíkniefnaneyslu og síðar afbrot (Íris Eik Ólafsdóttir, 2010). Því meiri menntun sem einstaklingur hefur því ólíklegri er hann til þess að sýna afbrotahæðun og brjóta lög. Þegar einstaklingur hefur háa meðaleinkunn og jákvætt viðhorf gagnvart námi og skóla er það þar af leiðandi forspárgildi um að litlar líkur séu á að viðkomandi sýni afbrotahæðun í framtíðinni (Law library – American law and legal information, e.d.).

Í bandarískri langtímarannsókn var skoðað hvort tengsl væru á milli menntunar og starfsþjálfunarúrreða í afplánun á endurkomutíðni (Sedgley, Scott, Williams og Derrick, 2010). Þátttakendur voru 4.515 fyrrverandi fangar sem lokið höfðu afplánun árið 1992 í Ohiofylki í Bandaríkjunum og spannaði rannsóknin tíu ár. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós jákvæða fylgni og var endurkomutíðni þátttakenda sem sinnt höfðu námi eða starfsþjálfun í afplánun lægri miðað við almennar tölur auk þess sem það dróst töluvert úr afbrotahæðun í kjölfarið. Út frá niðurstöðunum má ætla að þessu hafi fylgt töluverður sparnaður sem verður að teljast jákvætt í ljósi þess hve miklum fjármunum er að jafnaði eytt í fangelsiskerfið (Sedgley, Scott, Williams og Derrick, 2010).

Þó menntun sé afar sterkur þáttur í því að draga úr síbrotahæð er hún einungis smá en jafnframt mikilvæg eining af heildinni (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007). Það má segja að þegar fjárfest er í menntun er í raun verið að fjárfesta í framtíðinni og er það sérstaklega mikilvægt þegar yngri einstaklingar eiga í hlut. Með því að auka menntunarmöguleika íslenskra fanga myndi það því ekki einungis draga úr síbrotahæð heldur einnig auðvelda aðlögun þeirra í samfélaginu ásamt því að mynda meiri stöðugleika í lífsfarvegi þeirra (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007).

### 3.2.4. Námsörðugleikar

Námsörðugleikar eru, eins og nafnið gefur til kynna, örðugleikar við eitthvað sem tengist námi. Í samspili sínu við nærumhverfið lærir einstaklingur til dæmis að tala, reikna, skrifa og lesa, allt frá blautu barnsbeini (Steinvör Þöll Árnadóttir, e.d.). Það má því segja sem svo að eigi einstaklingur í erfiðleikum með að tileinka sér eitthvað af framangreindum þáttum eigi hann við námsörðugleika að stríða. Sértekir námsörðugleikar eru erfiðleikar við að tileinka sér eitthvað tiltekið námsefni án þess að áhrifin birtist á öðrum sviðum. Sértekum námsörðugleikum er gjarnan skipt í lesröskun, ritröskun og reikniröskun. Hægt er að greina þá tiltölulega snemma í skólagöngunni þegar nemendur sýna slaka frammistöðu í lestri, skrift eða stærðfræði (Steinvör Þöll Árnadóttir, e.d.).

Líkt og áður hefur komið fram virðast þeir nemendur sem glíma við námsörðugleika standa verr að vígi í skólakerfinu og eru þar af leiðandi líklegri en aðrir til þess að flosna upp úr námi auk þess sem sálfélagslíðan þeirra er almennt slakari (Sigrún Harðardóttir, 2015). Niðurstöður rannsóknar Sigrúnar Harðardóttur varpa því ljósi á mikilvægi þess að nemendur sem glíma við námsörðugleika fái stuðning í skólakerfinu og að komið sé til móts við þá en þær niðurstöður haldast í hendur við niðurstöður erlendra rannsókna á sambærilegu viðfangsefni (Sigrún Harðardóttir, 2015).

Það er staðreynd að margir í samfélaginu eru að glíma við námsörðugleika af einhverju tagi en rannsóknir hafa varpað ljósi á þá sláandi staðreynd að um þriðjung fleiri einstaklingar innan veggja fangelsa eru með samskonar vandamál (Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir, 2006). Í niðurstöðum rannsóknar á menntun, menntunarbakgrunni og námsáhuga íslenskra fanga kom í ljós að stór hluti fanga sem er í námi glímur við námsörðugleika af einhverju tagi (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007). Þar kom einnig í ljós að um 30% fanga töldu sig glíma við sértæka námsörðugleika þar sem þeir áttu í erfiðleikum með skrift en einungis þriðjungur þeirra hafði fengið staðfesta greiningu (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007).

Niðurstöður á mati á kennslufyrirkomulagi hafa sýnt að það virkar frekar sem hindrun fyrir þá fanga sem glíma við námsörðugleika (Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir, 2006). Þetta helst í hendur við frásögn Lóa Hrannar en hún segir stóran hluta fanga sem þar stundar nám glíma við athyglisbrest eða aðra námsörðugleika af einhverjum toga sem hamlar þeim í námi. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

### 3.3. Nám í íslenskum fangelsum

#### 3.3.1. Lög og reglugerðir

Í 26. grein nýlega samþykktra laga um fullnustu refsinga (nr. 15/2016) eiga fangar rétt á að stunda nám í afplánun, ýmist í staðnámi eða fjarnámi. Þar kemur fram að reglubundið nám komi í stað vinnuskyldu og jafngildir því hver kennslustund í námi einni klukkustund í vinnu. Í lögnum er einnig kveðið á um að nám í fangelsum er á ábyrgð menntamálayfirvalda en fangelsið útvegi og greiði fyrir þær kennslubækur sem fangar nota í námi á meðan á afplánun stendur. Föngum ber skylda til þess að halda þeim kennslubókum sem þeir nota í náminu í góðu ástandi og skila þeim eftir notkun þar sem þær eru að öllu leyti eign fangelsisins.

Í 25. grein laganna um vinnu fanga í fangelsi er kveðið á um að fangar eiga rétt á og eru jafnframt skyldugir til að stunda vinnu eða aðra sambærilega starfsemi sem viðurkennd er á meðan afplánun stendur, eftir því sem aðstæður leyfa. Samkvæmt 27. grein laganna um þóknun og dagpeninga skal greiða föngum þóknun fyrir ástundun náms eða vinnu og er það hlutverk ráðherra að ákveða fjárhæð dagpeninga með gjaldskrá sem miðast við að fangar hafi efni á brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Í sömu grein laganna er einnig kveðið á um að föngum er heimilt að sækja sjálfir um vinnu eða nám sem þeir útvega sér sjálfir en fá þá ekki greidda dagpeninga. Dæmi eru um fanga sem sótt hafa sjálfir um vinnu sem snýr að þeirra áhugasviði og á Sogni er til að mynda einn einstaklingur sem starfar á hestaleigu í nágrenninu samhliða sínu námi á hestabraut frá Fjölbrautaskóla Suðurlands. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

#### 3.3.2. Aðstæður til náms á Litla-Hrauni og Sogni

Árið 2011 skrifaði Ingi Ingason, þáverandi kennslustjóri á Litla-Hrauni og Sogni, skýrslu um skólahlaldið á haustönn 2011-2012 í framangreindum fangelsum. Í upphafi skýrslunnar ræðir hann skólamál í fangelsinu Bitru en því var lokað þann 1. júní árið 2012 og var þá fangelsið Sogn formlega tekið í notkun. Í skýrslunni nefnir Ingi að skólastofa í heilu lagi hafi mætt á hlaðið í fangelsinu og var hún jafnframt strax tekin í notkun (Ingi Ingason, 2012). Í skólastofunni kenndu þrír kennarar á mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagsmorgnum í 80 mínútur í senn hver um sig. Að sama skapi gátu fangar mælt sér mót við kennslustjóra sem var við störf í fangelsinu einu sinni í viku og námsráðgjafa tvisvar í viku (Ingi Ingason, 2012).

Á Sogni, áður Bitru, stendur nú fyrrnefnd skólastofa og í henni er lítið afmarkað svæði sem ætlað er þeim föngum sem stunda nám á háskólastigi. Þar eru tölvur og annar fjarskiptabúnaður sem auðveldar föngunum að hafa samskipti við kennara sína í gegnum internetið. Einar Valur Oddsson (munnleg heimild, 28. október 2015). Slíkar aðstæður er einnig að finna á Litla-Hrauni og er hlutverk náms- og starfsráðgjafa á Litla-Hrauni og Sogni meðal annars að greiða götur þeirra í námi og aðstoða fanga við að eiga slík samskipti svo

auðveldara sé fyrir þá að stunda fjarnám. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Lóa Hrönn er því í nánnum samskiptum við háskólana og hafi fangi áhuga á að stunda eitthvað tiltekið nám sem ekki er kennt í fjarnámi er reynt að finna leiðir svo hægt sé að gera undantekningu. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

Þegar skýrslan um skólahlaldið var skrifuð voru alls 13 fangar á Sogni skráðir í nám með staðbundnum hætti, einn í Fjölbrautaskóla Suðurlands og annar í Tækniskólanum í Reykjavík (Ingi Ingason, 2012). Á Litla-Hrauni voru alls 39 nemendur skráðir í nám sem Fjölbrautarskóli Suðurlands hafði umsjá með. Þann 9. janúar árið 2012 hófst vorönn í báðum fangelsunum og var þá alls 51 fangi innritaður í nám á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands, einn hjá Promennt auk þess sem sex fangar stunduðu nám á háskólastigi (Ingi Ingason, 2012). Í skólanum á Litla-Hrauni og Sogni er tekið á móti öllum þeim fögum sem hyggjast hefja nám, óháð stöðu þeirra í námi og áhugasviði. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Að sama skapi getur fangi hafið nám hvenær ársins sem er og fylgja skólarnir á Litla-Hrauni og Sogni því ekki svokölluðu annarskipulagi eins og þekkist innan hefðbundins skólakerfis. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

Þann 1. mars árið 2008 var námsráðgjafi ráðinn á Litla-Hraun í 50% starf (Fangelsi.is, 2010). Hálfu ári síðar eða þann 1. ágúst sama ár, var hlutfallið hækkað í heilt starf. Efnahagshrunið árið 2009 bitnaði þó á Fangelsismálastofnun eins og mörgu öðru og vegna fjárhagserfiðleika í kjölfar þess þurfti að lækka starfshlutfallið niður í hálf starf. Frá áramótum 2010 tókst þó að fá starfshlutfallið hækkað í 75%. Algengast er að fangar stundi nám á framhaldsskólastigi og eins og áður kom fram sér Fjölbrautaskóli Suðurlands alfarið um kennsluna í staðnámi (Fangelsi.is, 2010). Töluvert óalgengara er að fangar stundi nám á háskólastigi en það þekktist þó. Einnig hefur eitthvað verið um fanga sem hafa jafnvel ekki klárað grunnskóla og sorglegt en satt þá geta sumir þeirra hvorki lesið né skrifað. Einar Valur Oddsson (munnleg heimild, 28. október 2015).

Í fangelsum íslenska ríkisins geta fangar sótt margvíslega áfanga og námskeið á meðan á afplánun stendur (Fangelsi.is, 2010). Auk hefðbundinna framhaldsskólaáfanga sem Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur umsjón með er fögum til að mynda boðið að sækja námskeið í lestrartækni, logsuðu, tölvuþjálfun, sjálfsstyrkingu og áhugasviðsgreiningu svo fátt eitt sé nefnt (Fangelsi.is, 2010). Á Litla-Hrauni og Sogni eru góðar aðstæður fyrir nám og eru fangar eindregið hvattir til þess að stunda nám á meðan á afplánuninni stendur. Jafnvel þó fangi hafi val um að mennta sig eða stunda vinnu er aftur á móti ætlast til þess á Sogni að þeir fangar sem stunda nám sinni einnig einhvers konar vinnu. Þar er til dæmis fangi í háskólanámi sem sér einnig um þrif á sínum gangi. Reynir Jóhannsson (munnleg heimild, 28. október 2015).

Ef litið er á fangelsið Sogn sem dæmi má sjá að líf fanganna þar einkennist meira og minna af daglegri rútínu þar sem þeir sinna annað hvort námi eða stunda vinnu. Einar Valur Oddsson (munnleg heimild, 28. október 2015). Stór hluti fanganna sem þar afplána sinn dóm

starfa í nærliggjandi bæjum, flestir í endurvinnslufyrirtækinu Fengi í Hveragerði þar sem framleiddur er spónn fyrir íslenskan landbúnað. Einhverjir sinna þó störfum innan veggja fangelsisins á borð við þrif, matseld og þess háttar. Það má í raun segja sem svo að fangarnir komist ekki upp með neina leti í afplánuninni, heldur er markmið betrunarvistarinnar að venja þá við hið daglega líf samfélagsins sem við þekkjum flest. Til eru mörg dæmi um fanga sem aldrei hafa unnið neitt af viti allt sitt líf og gætu því vart þrifið né eldað til þess að bjarga lífi sínu. Kristín Jóna Símonardóttir (munnleg heimild, 28. október 2015).

Fangelsið Sogn er því kjörinn vettvangur fyrir slíka menn til þess að snúa við blaðinu og þar læra þeir hvernig daglegt líf gengur fyrir sig auk þess sem þar læra þeir margvísleg undirstöðuatriði varðandi matseld og þrifnað svo fátt eitt sé nefnt. Föngum þar er einnig kennt að taka ábyrgð á sjálfum sér með ýmsum hætti, til dæmis þurfa þeir sjálfir að óska eftir lyfjum og sækja þau reglulega, fylla út umsóknir um dagsleyfi og heimsóknir vina og vandamanna og svo framvegis. Fyrir flesta eru framangreind atriði nokkuð sjálfsagðir hlutir sem ekki þarf að læra sérstaklega en fyrir suma fanga er það ekki raunin. Markmiðið með þessu öllu er því vissulega það að vistin leiði til betrunar þegar fangarnir snúa aftur út í hið daglega líf samfélagsins. Kristín Jóna Símonardóttir (munnleg heimild, 28. október 2015).

### 3.3.3. Daglegt skipulag

Umsóknarferlið í skólanum á Litla-Hrauni virkar þannig að inni á göngum fangelsisins er að finna umsóknareyðublöð sem fangi getur fyllt út hafi hann áhuga á að hefja nám. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Að sama skapi er föngum óhætt að mæta á skólasvæðið og setja sig í samband við náms- og starfsráðgjafa eða kennslustjóra þar eða jafnvel láta fangavörð, félagsráðgjafa eða meðferðarfulltrúa vita. Það er því bæði þessi formlega leið en einnig töluvert óhefðbundnari leið og hvora leiðina sem fangi velur er hann alltaf velkominn í skólann svo lengi sem hann brjóti ekki þær reglur sem þar gilda. Jafnvel þó allir komist að í bóknám sem vilja er eftirspurnin í verklegar greinar á borð við logsuðu, rafsðu og bifvélagreinar alltaf mikil og þar myndast gjarnan biðlisti.

Á Litla-Hrauni er kennt í staðnámi alla virka daga og hafa kennarar við Fjölbrautaskóla Suðurlands umsjón með kennslunni. Námið er afar einstaklingsmiðað, því eins og gefur að skilja eru nemendurnir á ólíkum stað í náminu. Kennarinn er því ekki mikið að kenna á töflunni heldur aðstoðar hann hvern og einn nemanda eftir því hvar hann er staddur í sínu námi. Þetta krefst mikillar færni og að sögn Lóu Hrannar hafa kennararnir mikla og góða reynslu í að beita slíkum kennsluáferðum.

Hefðbundinn skóladagur hefst venjulega klukkan korter í níu á virkum dögum. Grunnfögin íslenska, enska og stærðfræði eru kennd í tvo tíma í senn, tvisvar í viku. Klukkan tólf á hádegi er gert hádegishlé og hefst kennsla aftur korter yfir eitt. Á mánudögum og fimmtudögum mætir svokallaður hádegishópur í skólann en hann samanstendur af nemendum

sem ekki treysta sér til þess að vera í kennslustofunni með samnemendum sínum og stunda staðnám. Þar hitta þeir kennslustjóra, þeir skila af sér verkefnum og er úthlutað nýjum verkefnum. Þeir nemendur sem stunda nám í fjarnámi hafa svo ákveðinn tíma í viku til þess að mæta í tölvuverið og sinna þar sínu námi.

Að sögn Lóu Hrannar hjálpast fangar mikið að þegar kemur að heimanámi og öðru slíku. Þá myndast gjarnan ákveðnir hópar sem læra saman og styðja hvorn annan í náminu. Þar að auki hefur svokölluð jafningjafræðsla einstaka sinnum verið sett á laggirnar, en hún felur í sér að fangi sem er vel að sér í einhverju tilteknu viðfangsefni tekur að sér að kenna samföngum sínum. Á Sogni er til að mynda fangi sem þekkir vel til rafmagnsfræðinnar og sér hann um að halda kennslustundir í ákveðið marga tíma á viku og fær fyrir það greidd laun. Þetta vill starfsfólk skólans sjá meira af svo hægt sé að virkja allan nemendahópinn. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

#### **3.3.4. Framtíðarsýn**

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (2010) um skipulag og úrræði í fangelsismálum sem skrifuð var í mars árið 2010 kemur meðal annars fram að leggja þurfi aukna áherslu á betrun fanga með því markmiði að draga úr endurkomutíðni í fangelsi enda er slíkt ekki bara föngunum sjálfum til góða heldur er það einnig þjóðfélagslega hagkvæmt. Í því samhengi er einna mikilvægast að Fangelsismálastofnun og mennta- og menningarmálaráðuneytið sameini krafta sína í því að útvega föngum vinnu og bæta námsmöguleika þeirra á meðan á afplánun stendur. Að sama skapi er mikilvægt að föngum sé tryggt nauðsynlegt aðgengi að þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa en þörfin fyrir slíkri þjónustu hefur aukist töluvert (Ríkisendurskoðun, 2010).

Þetta helst í hendur við frásögn Lóu Hrannar en hún telur einna mikilvægast að lögð sé áhersla á að vistin í fangelsum leiði til betrunar. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Að sögn Lóu Hrannar er verið að fara gaumgæfilega yfir stöðu mála og reynt að finna leiðir til þess að efla námið enn frekar þannig að fangar upplifi það og finni að það muni leiða til betrunar. Samkvæmt Lóu Hrönn er starfsfólk skólans á Litla-Hrauni í samvinnu við Fangelsismálastofnun og ráðuneytin að vinna hörðum höndum að breytingum á starfsemi hvað námsframboð og starfsþjálfun varðar. Í því samhengi nefnir hún mikilvægi þess að bjóða föngum upp á sérkennslu og meira af verknámi.

Hún segir mikilvægt að huga að því að allir fangar muni einhvern tímann halda aftur út í samfélagið og því verði betrunarvistin að hafa unnið sitt verk þannig að þeir komi út úr fangelsinu sem betri menn. Það liggur enginn vafi á því að nám er vissulega betrun og hafa margvíslegar rannsóknir, bæði innlendar sem og erlendar, stutt það. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild 26. febrúar 2016). Rannsóknir hafa til að mynda sýnt fram á fylgni á milli stuttrar skólagöngu og afbrota ásamt því að endurkomutíðni í fangelsi minnkar með aukinni menntun fanga (Ríkisendurskoðun, 2010). Með bættu námsframboði og aðstæðum til

menntunar í fangelsum skapast fleiri möguleikar á endurhæfingu innan fangelsiskerfisins. Það má því segja að betrun fanga með þessum hætti skapi traustari forsendur sem geta vissulega dregið úr líkum á ítrekunartíðni (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007). Að sögn Lóa Hrannar er mikill vilji fyrir því að efla menntun fanga og telur hún að með því að setja fjármagn í slíkt muni það skila sér margfalt til baka. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

### 3.3.5. Jákvæð áhrif náms

Niðurstöður rannsóknar Boga Ragnarssonar og Helga Gunnlaugssonar (2007) á menntun, menntunarbakgrunni og námsáhuga íslenskra fanga leiddu í ljós að námsleiðir íslenskra fanga sem stunduðu nám á framhaldsskólastigi voru mjög fjölbreyttar en meiri hluti sótti starfstengda námsbraut á meðan þriðjungur hafði valið sér almenna braut. Af sverendum stunduðu einnig þrír fangar nám á háskólastigi og fjórir tóku áfanga í grafískri hönnun, tölvufræði og húsasmíði. Tæplega helmingur, eða 45% svarenda, töldu nám í fangelsi hafa mikla þýðingu auk þess sem það myndi auka möguleika þeirra á að fá vinnu þegar afplánun lyki. Rúmlega helmingur svarenda töldu námið gera afplánunina léttbærari auk þess sem flestir ætluðu sér í áframhaldandi nám að aflokinni afplánun og töldu það að stunda nám í fangelsinu myndi undirbúa slíkt. Athyglisvert þykir að um 30% svarenda töldu námið einnig vera lykilþátt í að koma í veg fyrir áframhaldandi afbrotahæðun þegar út í samfélagið væri haldið (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007).

Þessar niðurstöður haldast í hendur við niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var af Guðrúnu Kristjánsdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur (2010) á námi fanga í afplánun. Þar kom meðal annars fram að atvinnutækifæri og möguleikar á atvinnu í framtíðinni var föngum í námi ofarlega í huga þegar þeir nefndu hvaða væntingar þeir höfðu til námsins. Auk þess bentu langtímaníðurstöður til þess að föngunum leið almennt betur á meðan á afplánun stóð ef þeir voru skráðir í nám. Námið styrkti þar af leiðandi jákvæða framtíðarsýn og væntingar til lífsins yfir höfuð auk sjálfsmyndar og sjálfsmat einstaklinganna sem áttu í hlut (Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2010).

Í 62. grein nýlega samþykktara laga um fullnustu refsinga (nr. 15/2016) um nám, starfsþjálfun eða verkmenntun utan fangelsis er kveðið á um að fangelsið getur, að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar, veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til að dvelja utan fangelsis með þeim tilgangi að stunda nám, starfsþjálfun eða verkmenntun í allt að 12 mánuði í lok afplánunar. Þetta er þó einungis gert teljist það gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til þess að undirbúa lok afplánunar. Þar sem þetta er nýmæli frá fyrri lögum má ætla að það sé vísbending um vilja stjórnvalda til þess að efla þennan þátt í átt að betrun.



## 4. Meðferðargangurinn á Litla-Hrauni

### – Dæmi um úrræði

#### *Fyrirliggjandi þekking*

Eins og staðan er í dag eru fáar nýlegar fræðilegar heimildir til staðar um meðferðarganginn á Litla-Hrauni og þann árangur sem hlotist hefur af starfsemi. Árið 2009 skrifuðu þær Diljá Kristjánsdóttir og Una Lára Lárusdóttir BA ritgerð sína í félagsráðgjöf um meðferðarganginn á Litla-Hrauni og studdust þær að hluta við eigindlega rannsóknaraðferð líkt og gert er í ritgerð þessari. Á þeim tíma hafði meðferðargangurinn einungis verið starfræktur í um það bil ár og var ritgerðin því sú fyrsta sinnar tegundar um þetta tiltekna viðfangsefni (Diljá Kristjánsdóttir og Una Lára Lárusdóttir, 2009).

Grunnhugmyndin á bakvið meðferðarganginn er sú að tilgangur hans sé að aðstoða fanga við að losa sig úr vítahring áfengis- og vímuefnamisnotkunar ásamt því að venja þá við daglegt skipulag sem mun auðvelda endurkomu þeirra í samfélagið að afplánun lokinni (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Með því er átt við að auka virkni fanganna í hinum ýmsu störfum sem einkenna daglegt líf og sjá þeir til dæmis flestir sjálfir um matseld auk þess sem reynt hefur verið að auka námskeiðahald og fjölbreyttari störf í fangelsinu (Íris Eik Ólafsdóttir, 2010). Hugræn atferlismeðferð og hópameðferðir eru mikið notaðar á afplánunartímanum en markmið slíkra meðferða er að draga fram styrkleika einstaklinganna og hjálpa þeim að samtvinna hugsanir sínar, tilfinningar og líðan (Herdís Skarphéðinsdóttir, 2010). Þannig er föngum kynntar ýmsar leiðir til þess að breyta hugsunarhætti sínum og hegðun sem hefur í kjölfarið jákvæð áhrif á líðan þeirra. Á ganginum er að jafnaði pláss fyrir ellefu fanga hverju sinni og hefur hvert einasta pláss verið fullnýtt alveg frá upphafi (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008).

#### 4.1. Upphaf meðferðargangsins

Í lok árs 2007 tók Fangelsismálastofnun ríkisins stórt stökk ef svo má að orði komast, en þá var í fyrsta skipti sérstakur meðferðargangur settur á laggirnar á Litla-Hrauni og hóf hann starfsemi sína síðla árs 2007, eða þann 12. nóvember (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Innan veggja fangelsa ríkir mikill áfengis- og vímuefnavandi á meðal fanga (Íris Eik Ólafsdóttir, 2010). Vitað er að þeir fanga sem glíma við fíkniefnavanda eru líklegri til þess að lenda aftur í fangelsi og er það því ekki einungis jákvætt fyrir fangann sjálfan að vinna bug á fíkninni heldur þjónar slíkt einnig hagsmunum samfélagsins í heild sinni (Hreinn S. Hákonarson, 2012). Það má því segja að hugmyndin á bakvið stofnun meðferðargangsins hafi

verið sú að sporna skyldi við þessari þróun auk þess sem löngu var kominn tími til þess að Ísland feti í fótspor hinna Norðurlandanna í fangelsismálum en Danir hófu til að mynda að bjóða föngum upp á meðferðir vegna vímuefnamisnotkunar árið 1997, eða 10 árum á undan Íslendingum (Kriminalforsorgen, e.d.).

Upphaflega var meðferðargangurinn í rauninni svokallað tilraunaverkefni til sex mánaða sem Fangelsismálastofnun vann í sameiningu við fangelsið Litla-Hraun (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Þar sem meðferðargangurinn var einungis tilraunaverkefni ríkti upphaflega mikil óvissa um hvort nægilegt fjármagn fengist til þess að halda honum gangandi að þeim tíma loknum. Á þeim tíma var ekki gert ráð fyrir rekstri meðferðargangsins í fjárlögum og því fylgdi ákveðin hættu á að starfsemin yrði lögð niður (Innanríkisráðuneytið, 2008). Forspraki meðferðargangsins, Margrét Frímansdóttir, sem þá starfaði sem forstöðukona Litla-Hrauns, barðist hörðum höndum fyrir áframhaldandi rekstri starfseminnar og taldi hún að sá árangur sem hlotist hafði á svo skömmum tíma væri nægileg rök fyrir því að meðferðargangurinn fengi áfram að standa (Diljá Kristjánsdóttir og Una Lára Lárusdóttir, 2009).

## 4.2. Meðferðargangurinn er kominn til að vera

Þann 7. maí árið 2008, þegar meðferðargangurinn hafði verið starfræktur í sex mánuði, skrifuðu Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra undir samning sem tryggði áframhaldandi fjárveitingu til meðferðargangsins og lagði hvort ráðuneyti um sig 7,5 milljónir til starfseminnar sem dugði út árið. Auk þess var sett af stað samráðsnefnd ráðuneytanna sem hafði það hlutverk að vinna að heildarstefnumótun í þessum málum (Innanríkisráðuneytið, 2008).

Nú eru liðin átta ár frá stofnun meðferðargangsins á Litla-Hrauni og fyrir löngu orðið ljóst að tilveruréttur og afköst hans hafa margsannað gildi sitt og er því ekki hægt að kalla hann tilraunaverkefni lengur. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Þar sem meðferðargangurinn hefur verið í stöðugri þróun í um átta ár má með sanni segja að margvíslegar breytingar hafa átt sér stað á tímabilinu. Eins og á við um allar góðar meðferðir þá þurfa þær að vera í stöðugri þróun og endurskoðun.

Í fyrstu var það hlutverk almennra fangavarda að veita þjónustuna á meðferðarganginum og til þess fengu þeir sérstaka þjálfun. Tveimur árum síðar, eða árið 2010, fékkst þó fjárveiting til frekari breytinga og var þá tekin ákvörðun um að ráða utanaðkomandi fagfólk til starfa á meðferðarganginum á Litla-Hrauni og er starfsemin nú alfarið í höndum sérstakra meðferðarfulltrúa sem hafa bæði menntun og reynslu í að starfa á slíkum vettvangi. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

### 4.3. Reglur og verklag

Líkt og áður hefur komið fram er tilgangur meðferðargangsins ekki eingöngu sá að veita þeim föngum sem þar dvelja meðferðir við harðri áfengis- og vímuefnaneyslu heldur einnig að venja þá við daglegt skipulag (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Með því er átt við að þar er þeim veitt grunnleiðsögn í mannlegri hegðun, til dæmis með því að venja þá við að vakna snemma á morgnana, búa um rúmið sitt daglega ásamt því að halda klefum sínum, öllum göngum og öðrum sameiginlegum rýmum ávallt hreinum og snyrtilegum (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Meðferðarfulltrúar á ganginum fylgjast náið með því hvort fangar framkvæmi framangreind atriði og fylgi öllum settum reglum því sé það ekki raunin fá þeir mínus í kladdann. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Fáir fangi fjóra mínusa í kladdann hlýtur hann aðvörun en verði mínusarnir átta talsins ber honum skylda til þess að yfirgefa meðferðarganginn tafarlaust og missir þannig eftirsótt pláss þar til samfanga síns á biðlista.

Þegar fangi kemur inn á meðferðargang er gert skriflegt meðferðarfyrirkomulag. Þar er meðferðarstarfsemin kynnt fyrir viðkomandi auk þess sem nefndar eru allar þær reglur sem þar gilda og hvaða kröfur eru gerðar til viðkomandi. Samkvæmt reglum meðferðargangsins þarf fangi að dvelja að lágmarki í þrjá mánuði á meðferðargangi en þrátt fyrir það hefur meðaldvalartíminn jafnan verið átta mánuðir í senn. Fangar þurfa að óska sérstaklega eftir þessari aðstoð og er það gert með því að fylla út umsóknareyðublöð sem finna má víðsvegar á göngum fangelsisins eða einfaldlega láta meðferðarfulltrúa vita í persónu. Þar sem einungis er pláss fyrir ellefu fanga á meðferðarganginum hverju sinni gefur að skilja að gjarnan myndast biðlisti eftir plássi.

Að sögn Jón Þórs meðferðarfulltrúa hefur gangurinn alltaf verið fullsetinn í öll þau átta ár sem hann hefur verið starfræktur auk þess sem sambærilegur fjöldi bíður eftir plássi samhliða því. Jón Þór bætir við að sterkleiki hóps sem dvelur á meðferðargangi hverju sinni smiti mikið út frá sér og hefur áhrif á lengd biðlistans. Ríki góður andi í sterkum hóp á meðferðargangi lengist biðlistinn samhliða því en sé hópurinn erfiður og illa gengur minnkar biðlistinn í takt við það. Jafnvel þó fangi sé á biðlista eftir plássi á meðferðargangi þýðir það ekki að hann sé alveg útilokaður frá starfseminni á meðan. Meðferðarfulltrúar reyna að nýta biðtímann vel, meðal annars með því að undirbúa þá fanga fyrir meðferðina með ýmsum hætti. Með því er átt við að kynnt er fyrir þeim AA starfsemin sem í boði er í fangelsinu, veitt eru hvatningarviðtöl og sett fyrir einhvers konar verkefni sem föngum ber að ljúka á tilsettum tíma. Biðlistinn virkar þannig að þeir fangar sem eru samviskusamir á tímabilinu, sýna metnað og vinna öll þau verkefni sem þeim er sett fyrir ganga fyrir þegar pláss losnar.

Meðferðarfulltrúar starfa á Litla-Hrauni alla virka daga, frá klukkan átta á morgnana til fimm á daginn. Klukkan átta á morgnana eru hurðar að klefum á meðferðargangi opnaðar og hefst morgunfundur klukkan 20 mínútur yfir átta. Fyrir þann tíma þurfa fangar að hafa búið

um rúmið sitt og gert sig sýnilega í morgunmatnum. Á morgunfundinum er farið af stað með ákveðna hugleiðingu og er ætlast til að menn tjái sig um viðfangsefnið. Að morgunfundi loknum halda fangar til vinnu eða skóla en það er jafnframt eitt af skilyrðum þess að dvelja á meðferðargangi. Þrjú daga vikunnar fer fram hópstarf í hádegishléi þar sem einn einstaklingur kynnir verkefni sem hann hefur unnið að í viku. Verkefni eru mismunandi og einstaklingsmiðuð en snúa gjarnan að viðkomandi og hans vímuefnavanda. Í hádeginu á fimmtudögum er haldinn fyrirlestur og á föstudögum er svokallaður húsfundur. Á húsfundi, eða samviskufundi eins og hann er gjarnan kallaður, er deilt út verkefnum fyrir komandi viku ásamt því að rætt er um stemninguna á meðferðarganginum og reynt að sporna við að menn séu óheiðarlegir á einn hátt eða annan. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

### *AA samtökin*

AA samtökin eru alþjóðlegur félagsskapur karla og kvenna sem miðla þekkingu sinni og reynslu í að hjálpa öðrum sem eiga við drykkjuvandamál að stríða (AA samtökin, e.d.). Aðferðir samtakanna byggjast á reynslusporunum tólf sem vísa veginn til baka frá alkóhólisma. Helsti tilgangur félagsmanna AA samtakanna er að vera edrú og hvetja og styðja aðra alkóhólista í að gera slíkt hið sama (AA samtökin, e.d.). Sjö sinnum í viku eru haldnir AA fundir fyrir fanga á meðferðargangi og sjá utanaðkomandi meðlimir AA samtakanna alfarið um slíka fundi. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). AA fundirnir eru haldnir klukkan hálf sjö á kvöldin á virkum dögum og eftir hádegi á laugardögum. Þó ekki sé skylda fyrir fanga á meðferðargangi að sækja slíka fundi eru flestir sem nýta sér þessa þjónustu samhliða meðferðinni með því að fá sér því trúnaðarmann og hefja tólf spora vinnuna. Að sögn Jón Þórs hefur þeim föngum sem tileinka sér starfsemi AA samtakanna og ná einhvers konar fótfestu vegnað vel og kjósa þeir yfirleitt að dvelja lengur en þrjú mánuði á meðferðarganginum í senn. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Fangar á síðustu metrum afplánunar hafa þann kost að fara í áfengis- og vímuefna meðferð utan veggja fangelsis á vegum SÁÁ. Síðastliðin 26 ár, eða allt frá árinu 1990, hefur SÁÁ í samvinnu við Fangelsismálastofnun unnið að slíku meðferðarstarfi fyrir fanga sem stendur yfir síðustu sex vikur afplánunar. Samtökin leggja mikla áherslu á forvarnarstarf og fjölbreytileika í meðferðarstarfinu sem á rætur sínar að rekja til nýjustu áherslnanna innan læknisfræðinnar, sálarfræðinnar og félagsvísindanna (Herdís Skarphéðinsdóttir, 2010).

## **4.4. Árangur og afköst**

Í ritgerð þeirra Diljár og Unu (2009) kemur meðal annars fram að einn helsti ávinningur meðferðargangsins var upphaflega sá að þar fengu fangar tækifæri til þess að vinna bug á fíkn

sinni og lærðu að fóta sig á ný þegar út í samfélagið væri komið án endurkomu í fangelsi. Þar var auk þess unnið úr margvíslegum vandamálum einstaklinganna og þeir aðstoðaðir við að breyta hegðun sinni (Diljá Kristjánsdóttir og Una Lára Lárusdóttir, 2009). Með því er átt við að aðstoða fangana við það að vinna sig út úr vítahring andfélagslegs hugarfars, afbrotahegðunar og vímuefnamisnotkunar (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008).

Um það bil ári eftir að meðferðargangurinn var stofnaður þótti árangur fanganna sem þar höfðu dvalið strax lofa góðu. Á því tímabili höfðu til að mynda 14 fangar farið þaðan yfir á aðrar sambærilegar meðferðarstofnanir eða verið fluttir til vegna góðs árangurs sem þeir höfðu náð í því að vinna í sjálfum sér annars vegar og vinna bug á fíkninni hins vegar. Þar sem meðferðargangurinn hafði einungis verið starfræktur í svo skamman tíma þótti ekki tímabært að mæla einhvers konar langtímaárangur af starfseminni en starfsfólk, fangar og aðstandendur þeirra voru öll jákvæð í garð starfseminnar og þóttu árangurinn strax lofa góðu (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Þegar meðferðargangurinn hafði verið starfræktur í tæp fimm ár taldi Hreinn S. Hákonarson fangaprestur Þjóðkirkjunnar mikilvægt að gerð yrði rannsókn á starfsemi hans til þess að sjá hvort hann hefði skilað tilsettum árangri og hvað mætti betur fara þar sem engin slík rannsókn hafði áður verið gerð (Hreinn S. Hákonarson, 2012). Að sama skapi lagði hann áherslu á að sérstök meðferðardeild yrði sett á laggirnar utan fangelsis.

Að sögn Jón Þórs hefur meðferðargangurinn margsannað tilverurétt sinn. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Á þeim tíma sem meðferðargangurinn hefur verið starfræktur hafa margir einstaklingar náð að snúa við blaðinu og farið edrú og afbrotalausir þaðan út í samfélagið án endurkomu í fangelsi. Að reka meðferðarstarfsemi í miðju öryggisfangelsi fylgja margir gallar og verður slíkur árangur því að teljast markverður með tilliti til þeirra aðstæðna sem meðferðin er rekin í. Að sama skapi telur Jón Þór að meðferðargangurinn gæti aftur á móti skilað töluvert betri árangri væru fangarnir sem þar dvelja algjörlega aðskildir frá samföngum sínum. Jón Þór líkir meðferðarstarfsemi í miðju öryggisfangelsi við edrúborð á bar þar sem freistingarnar eru á hverju horni. Undir venjulegum kringumstæðum er einstaklingur í meðferð vafinn inn í bómul og í skjóli frá daglegu lífi og öllum þeim freistingum sem því fylgja. Mörg dæmi eru um einstaklinga sem standa sig almennt vel á meðferðarganginum en falla svo í freistni þegar þeir hitta samfanga sína sem ekki dvelja á meðferðargangi á útisvæði eða í öðrum sambærilegum aðstæðum. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

#### **4.5. Fyrirætlanir um breytingar á starfseminni**

Eins og kom fram hér að ofan gæti algjör aðskilnaður fanga á meðferðargangi og annarra fanga lagað ansi mörg vandamál. Auk þess sem aðskilnaðurinn myndi veita föngum á

meðferðargangi algjört skjól og frið frá utanaðkomandi freistingum og áreiti myndu meðferðarfulltrúar einnig losna við umsóknir frá þeim föngum sem ekki eru fullkomlega tilbúnir til þess að fara í meðferð. Væru fangar á meðferðargangi alveg aðskildir frá öðrum föngum yrði alltaf einhver hluti fanga sem ekki myndi sækja um pláss á meðferðargangi einfaldlega vegna þess að þeim þætti það leiðinleg tilhugsun að geta aldrei hitt samfanga sína. Að mati Jón Þórs eru slíkir einstaklingar sem ekki geta hugsað sér að sleppa alveg takinu af gömlu félögunum sem enn eru í neyslu og afbrotum hvort sem er ekki tilbúnir til þess að stíga skrefið og hefja meðferð yfirhöfuð. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

Á þessu ári stendur til að opna glænýtt fangelsi á Hólmsheiði sem mun koma til með að leysa tvö eldri fangelsi af hólmi, annars vegar fangelsið í Kópavogi og hins vegar Hegningarhúsið á Skólavörðustíg (RÚV, 2015). Bygging fangelsisins markar ákveðin tímamót í fangelsismálum á Íslandi sem verður til þess að fangarýmum mun fjölga um 30. Páll Winkel, fangelsismálastjóri, segir að nýja fangelsið muni uppfylla margvísleg mannúðarsjónarmið og öryggissjónarmið sem kemur Íslendingum á réttan stað í fangelsismálum eða inn í nútímann eins og hann orðar það. Hönnun fangelsisins er í takt við nýjustu öryggisreglur auk þess sem það verður rammgert sem verður meðal annars til þess að útrýmt verður mögulegum felustöðum fyrir eiturlyf. Gluggar fangelsisins eru hannaðir þannig að hægt sé að stýra útsýninu úr gluggunum. Þegar nota þarf einhverja tiltekna einingu sem gæsluvarðhaldseiningu þá geta fangar hvorki náð augnsambandi né komið skilaboðum sín á milli. Útsýni hvers gangs er þar af leiðandi stýrt þannig að menn geta ekki átt slík samskipti (RÚV, 2015).

Draumafangelsinu lýsir Hreinn S. Hákonarson fangaprestur þjóðkirkjunnar sem náttúrulegum stað kröftugrar og stöðugar endurhæfingar þar sem boðið verður upp á skilvirkt og einstaklingsmiðað meðferðarstarf (Hreinn S. Hákonarson, 2006). Þar eiga einnig að vera fjölbreytt störf í boði sem henta flestum auk góðs og hvetjandi skóla. Afplánunin á því að fela í sér markvissan undirbúning fyrir fanga þegar út í samfélag er komið á ný. Með því er átt við að búið verði að tryggja föngum öruggt húsaskjól, tekjur, starf eða áframhaldandi menntun ásamt því að viðkomandi verður að hafa góðan stuðning á bakvið sig í gegnum félag og vini (Hreinn S. Hákonarson, 2006).

Sökum byggingar nýja fangelsisins er búið að vera töluvert rót á kerfinu undanfarið. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Jón Þór hefur þó bæði væntingar og vilyrði til þess að með tilkomu nýja fangelsisins verði gerðar margvíslegar breytingar sem snúa að meðferðarmálum. Í því samhengi nefnir hann til dæmis að meðferðin komist í aðstæður þar sem hún verði aðskilin öðru auk þess sem að hún verði virkari partur af starfseminni. Honum þykir miður að eins og staðan er í dag sé engin áfengis- og vímuefnaðferð í boði fyrir kvenkyns fanga og í rauninni ekki í neinum öðrum fangelsum en á Litla-Hrauni. Hann bindur væntingar sínar til þess að í framtíðinni verði hægt að stækka starfsemina enn frekar og leggur þannig áherslu á að Hólmsheiði verði svokallað móttökufangelsi. Þar geta einstaklingar sem

hefja afplánun óskað eftir aðstoð og þjónustu er tengist meðferðarstarfi strax í upphafi og geta svo hafið meðferð þegar á Litla-Hraun er komið. Jón Þór Kvaran (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

## 5. Nám og meðferðarstarfsemi í norrænum fangelsum

### *Samstarf Norðurlandanna*

Fyrir tíu árum síðan, eða þann 1. janúar árið 2006, var norrænt tengslanet sett á laggirnar með það markmið að deila reynslu og þróa í sameiningu nám fanga í norrænum fangelsum (Fangelsi.is, e.d.). Að tengslanetinu koma allir aðilar er tengjast fangelsisvirkvöldum og menntamálayfirvöldum Norðurlandanna (Fangelsi.is, e.d.). Hinum dæmigerða norræna fanga hefur verið lýst sem brottfallsnemandi yfir þrítugt með litla reynslu af vinnumarkaði og er í flestum tilfellum að glíma við einhvers konar fíkniefnavanda (Nordic Council of Ministers, 2009).

Almenn fangelsismál á Íslandi svipa mjög til fangelsismála á Norðurlöndunum (Guðmundur Gíslason, 2005). Því til stuðnings má nefna að réttarkerfið og refsivistarúrræðin eru af sama meiði auk þess sem allir þeir starfshættir, venjur og siðir sem notast er við þykja að mörgu leyti keimlík (Guðmundur Gíslason, 2005). Í 5. grein Almennra hegningarlaga (nr. 19/1940) segir að sé brot framið á stað, sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti, þá sé það refsivert eftir lögum heimaríkis sakbornings. Ákvæðinu má beita um verknað einstaklings sem dvelur hér á landi jafnvel þó hann sé búsettur eða með ríkisborgararétt í Noregi, Danmörku, Finnlandi eða Svíþjóð.

Það má segja að stefnan hvað fangelsismál varða á Norðurlöndunum sé töluvert mannúðarmiðuð (Afstaða, 2014). Stefnan er í stöðugri þróun og er henni breytt með tilliti til rannsókna á sviðinu. Reynt er að öðlast skilning á því hvernig fyrirbyggja megi síbrotahneigð ásamt því að unnið er hörðum höndum að jákvæðum lausnum sem stuðla að minnkaðri endurkomutíðni (Afstaða, 2014).

### **5.1. Tölfræðilegur samanburður við Norðurlöndin**

Þegar skoðað er Ísland í samanburði við Norðurlönd þarf að hafa í huga að Ísland er töluvert minna land og því gefur augaleið að viðmiðin verða vissulega óraunhæf í samhengi við stærri samfélög annarra landa (Guðmundur Gíslason, 2005). Til að mynda spannar fangelsismálageirinn hér á landi eins og hann leggur sig einungis um 250 manns í heildina sem gæti samsvarað fjöldanum í sæmilega stóru fangelsi á Norðurlöndunum. Að sama skapi er hlutfall fanga af samfélaginu í heild sinni lægra á Íslandi þar sem ætla má að um það bil 40 einstaklingar af hverjum 100 þúsund íbúum landsins dvelji innan veggja fangelsis. Á Norðurlöndunum eru aftur á móti 20 fleiri fangar af hverjum 100 þúsund íbúum, eða 60 talsins.

Þessar tölur eru þó einungis brotabrot ef skoðað er fjölda fanga í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í Bretlandi er talan töluvert hærri en á Norðurlöndunum, eða 130 fangar af



hverjum 100 þúsund íbúum, sem er þó ekkert miðað við fjöldann í Bandaríkjunum en þar má ætla að fangarnir séu allt að 800 af hverjum 100 þúsund íbúum landsins (Guðmundur Gíslason, 2005). Að sama skapi má nefna þá sláandi staðreynd að hvorki meira né minna en 25% allra fanga heimsins afplána dóm sinn í bandarískum fangelsum jafnvel þó einungis 5% mannkyns búi í landinu (Mbl.is, 2015).

Valtýr Sigurðsson (2004) skrifaði skýrslu um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna sem leiddi í ljós nokkuð sláandi staðreyndir. Þar nefnir hann til að mynda að árið 2003 sátu að meðaltali 116 fangar af sér dóm í íslenskum fangelsum og gert var ráð fyrir mikilli aukningu á komandi árum líkt og hafði átt sér stað á Norðurlöndunum. Ef litið er á Finnland sem dæmi hafði fjöldi lífstíðarfanga þrefaldast frá árunum 1994-2004 auk þess sem fjöldi fanga sem afplánaði dóma vegna fíkniefnabrota hafði sexfaldast. Sömu sögu var að segja í Svíþjóð þar sem fjöldi langtímafanga hafði tvöfaldast á tímabilinu (Valtýr Sigurðsson, 2004).

Niðurstöður samnorrænnar rannsóknar sem Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson (2007) framkvæmdu á menntun, menntunarbakgrunni og námsáhuga íslenskra fanga leiddu í ljós að ríflega þriðjungur þátttakenda höfðu ekki lokið grunnskólaprófi. Þriðjungur fanganna sem svöruðu spurningalista þeirra sögðust stunda nám á meðan á afplánun stóð. Helmingur þeirra sótti nám í framhaldsskóla á meðan 10% stunduðu undirbúningsnám að stúdentsprófi. Þegar framangreindar upplýsingar eru bornar saman við stöðu fanga á Norðurlöndunum má sjá að hlutfall íslenskra fanga sem ekki höfðu lokið grunnskólaprófi var töluvert hærra en í hinum löndunum. Alls höfðu 16% íslenskra fanga ekki lokið neinu námi en fjöldinn í hinum Norðurlöndunum mældist á bilinu 7-12%. Athyglisvert þykir því að fjöldi íslenskra fanga sem lokið höfðu framhaldsnámi mældist aftur á móti hæstur miðað við Norðurlöndin. Auk þess voru íslenskir fangar sem ekki stunduðu nám í afplánun mest áhugasamir um að hefja nám (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007).

## 5.2. Nám í norrænum fangelsum

### *Noregur*

Að Sögn Lóa Hrannar er Noregur framarlega hvað menntamál fanga varða. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Norðmenn eru mikið með opin úrræði auk þess sem þeir endurskoðuðu stefnu sína fyrir nokkrum árum. Það sem Norðmenn hafa fram yfir Íslendinga í þessum málum er meðal annars töluvert meira námsframboð auk þess sem eftirfylgnin er mikil. Með því er átt við að föngum er fylgt eftir jafnvel þó þeir hafi lokið afplánun. Í skólanum á Litla-Hrauni og Sogni fá nemendur mikinn stuðning og mikill vilji er fyrir því að þeir haldi áfram námi að afplánun lokinni. Lóa Hrönn telur mikilvægt að föngum sé fylgt eftir inn í skólann þar sem þeir munu koma til með að halda áfram sínu námi. Fangar

hafa mismikinn stuðning og aðhald í kringum sig þegar út í samfélagið er komið og því er mikilvægt að þeir sem búa verr að slíku fái áframhaldandi stuðning frá starfsfólki fangelsisins. Lóa Hrönn Harðardóttir (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

Síðan 1840 hefur það verið yfirlýst markmið innan norska fangelsiskerfisins að fangar skulu koma betri út en þeir komu inn (Kriminalomsorgen, e.d.). Til þess að slíkt gangi eftir er séð til þess að allir fangar hafi eitthvað að gera þegar út í samfélagið er komið. Með því er átt við að annað hvort bíði þeirra starf eða nám til þess að sinna undir daglegum kringumstæðum ásamt húsnæði og áframhaldandi meðferð ef þörf er á slíku auk jákvæðrar samfélagsvinnu af einhverjum toga (Kriminalomsorgen, e.d.).

### *Danmörk*

Í dönskum fangelsum er veittur mikill stuðningur fyrir þá fanga sem eiga erfitt með að lesa og skrifa eða eru að glíma við námsörðugleika af öðrum toga (Kriminalforsorgen, 2014). Árið 2014 voru ný stuðningstæki í formi geisladiska innleidd í dönsk fangelsi en tilgangur þeirra er meðal annars sá að hjálpa föngum við lestur, stafsetningu og ritun (Kriminalforsorgen, 2014).

Árið 2011 settu dönsk fangelsisvirkir föng af stað tilraunaverkefni sem styrkt var af TrygFonden í þremur fangelsum sem fól í sér að fangar tækju próf í matreiðslu (Kriminalforsorgen, 2015). Síðan þá hafa yfir 80 fangar lokið prófinu með góðri einkunn og má segja að verkefnið hafi gengið vonum framár. Hjá danska fyrirtækinu Meyers Madhus starfa nú tólf fyrrverandi fangar ýmist sem bakarar, garðyrkjumenn eða aðstoðarmenn við matreiðslu svo eitthvað sé nefnt. Einn fyrrverandi fangi hefur meira að segja komist á samning sem lærlingur hjá veitingahúsi í Kaupmannahöfn og starfað þar í meira en ár (Kriminalforsorgen, 2015).

### *Svíþjóð*

Til þess að sporna við síbrotahneigð leggur Fangelsismálastofnun í Svíþjóð ríka áherslu á að fangar öðlist nýja hæfni, þekkingu og hugsunarmynstur á meðan þeir afplána sína dóma (Kriminalvarden, e.d.). Með því er átt við að ætlast sé til þess að þeir vinni og stundi nám í afplánun. Margir hafa ekki lokið námi í framhaldsskóla og er því afplánunin kjörinn vettvangur til þess að læra og taka próf sem verður til þess að þeir eiga betri möguleika á að fá starf að afplánun lokinni.

Í Svíþjóð geta fangar sótt um fullt nám eða nám hluta úr degi og hefur Fangelsismálastofnun þar í landi um 120 löggilda framhaldsskólakennara á sínum snærum. Þetta gerir föngum kleift að halda áfram sínu námi jafnvel þó þeir séu færðir á milli fangelsa. Samkvæmt stefnu Fangelsismálastofnunar í Svíþjóð er reynt að aðstoða fanga á

einstaklingsgrundvelli þar sem hver fangi hefur ólíkar þarfir og getu. Sökum þessa jafngildir ýmis starfsemi innan fangelsisins atvinnu eða námi til fulls. Dæmi um slíkt eru til dæmis jógatímar, heilsutengd fræðsla, leiklistartímar, málalalist og leirkerasmíð. Fangar fá greiddar 13 sænskar krónur á tímann fyrir alla atvinnutengda starfsemi (Kriminalvarden, e.d.).

### **5.3. Meðferðarstarfsemi í norrænum fangelsum**

#### *Noregur*

Í norskum fangelsum er boðið upp á margvíslegar meðferðir en ekki einungis meðferðir við áfengis- og vímuefnavanda líkt og þekkist hér heima. Meðferðirnar þar eru ýmist einstaklingsmiðaðar eða unnar í hóp (Kriminalomsorgen, e.d.). Sumar meðferðirnar snúa að lífsleikni og aðferðirnar sem notaðar eru byggjast á vitsmunalegum kenningum og miða að því að fanginn átti sig sjálfur á mynstri afbrotahegðunar. Tilgangur slíkra meðferða er að auka þekkingu fangans á hegðun sinni og veita honum hvatningu til þess að breyta henni og læra að takast á við lífið án afbrota (Kriminalomsorgen, e.d.).

Þetta styður frásögn Halldórs Vals forstöðumanns Litla-Hrauns en hann nefnir að á Norðurlöndunum sé mikið af lífsleiknitengdu meðferðarstarfi sem er ábótavant á Íslandi. Halldór Valur Pálsson (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Hann nefnir að í Danmörku séu til að mynda ýmsar meðferðaráætlanir í kringum það að kunna að bjarga sér auk þess sem kynferðisafbrotamenn fari í sérstakar meðferðir. Að sjálfsögðu er einnig mikið um áfengis- og vímuefna meðferðir en ekki er lögð jöfn rík áhersla á AA nálgunina í áfengis- og vímuefna meðferðum á hinum Norðurlöndunum líkt og þekkist hér heima. Halldór Valur Pálsson (munnleg heimild, 26. febrúar 2016). Ýmsar norskar rannsóknir hafa til að mynda sýnt fram á að stór hluti fanga er í neyslu (Kriminalomsorgen, e.d.). Í rannsókn á 260 fögum í 37 ríkisreklam norsku fangelsum frá árinu 2004 kom til dæmis í ljós að 60% fanga ætti við vímuefnavandamál að stríða (Kriminalomsorgen, e.d.).

#### *Danmörk*

Í dönskum fangelsum hafa meðferðir gegn misnotkun vímuefna staðið föngum til boða allt frá árinu 1997 en fyrir þann tíma var undantekning ef fangi gat fengið slíka meðferð (Kriminalforsorgen, e.d.). Fyrst var slíka meðferð einungis að finna í einu fangelsi en nú er hún til staðar í mjög mörgum dönskum fangelsum (Kriminalforsorgen, e.d.). Nú er talið að allt að 15-20% allra fanga séu virkir í einhvers konar meðferðarstarfi (Kriminalforsorgen, 2012). Sérstök meðferð er í boði í öllum fangelsum gegn fíkn í kannabisefni en neysla slíkra efna er langalgengust í dönskum fangelsum og í samfélaginu yfirhöfuð. Í opnum fangelsum er einnig að finna meðferð gegn neyslu á harðari efnum á borð við kókaín (Kriminalforsorgen,

2012). Þetta styður frásögn Halldórs Vals en hann segir dönsk fangelsisyrirvöld glíma við mikinn fíkniefnavanda í opnum fangelsum og er að jafnaði fundin nokkur kíló af kannabisefnum þar ár hvert. Halldór Valur Pálsson (munnleg heimild, 26. febrúar 2016).

Í Danmörku er einnig að finna margvíslegar vitsmunlegar meðferðir sem miða að því bæta færni fanganna í tengslum við hegðun þeirra og samskipti við aðra (Kriminalforsorgen, e.d.). Með kennslu og þjálfun í slíku læra fangarnir aðferðir sem þeir geta notað bæði innan fangelsisins og einnig eftir að afplánun lýkur og geta slíkar aðferðir til að mynda spornað við að viðkomandi fremji afbrot á ný. Aðrar meðferðir leggja frekari áherslu á að fangi læri að stjórna reiði sinni og öðrum sterkum tilfinningum (Kriminalforsorgen, e.d.).

### *Svíþjóð*

Líkt og í Noregi og Danmörku er að finna margvíslega meðferðarstarfsemi í sænskum fangelsum (Kriminalvarden, e.d.). Frá árinu 2005 hafa sjö sérstök meðferðarfangelsi verið rekin í sænskum fangelsum auk þess sem almennar meðferðardeildir sem svipa til meðferðargangsins á Litla-Hrauni er að finna í nokkrum almennum fangelsum (Hreinn S. Hákonarson, 2012). Starfsemi fangelsanna og deildanna styðjast við tólf spora nálgunina eða hugræna atferlismeðferð og eru fangar í meðferð aðskildir samföngum sínum. Þess fyrir utan eru verklag og reglur svipaðar því sem þekkist á meðferðarganginum á Litla-Hrauni (Hreinn S. Hákonarson, 2012). Auk áfengis- og vímuefnameðferðar geta fangar einnig farið í meðferðir gegn ofbeldisfullri hegðun, árásargirni og afbrotahegðun svo fátt eitt sé nefnt (Kriminalvarden, e.d.). Slíkar meðferðir eru ýmist einstaklings- eða hópmeðferðir og fléttast saman við daglegt nám eða vinnu fanganna.

Í Kumla fangelsinu í Svíþjóð er að finna meðferðarstarfsemi sem er ein sinnar tegundar í heiminum í dag. Karlkyns fangar geta sótt um að verja tíma í sérstakri einingu fangelsisins og er hún ætluð þeim sem vilja finna sig aftur í gegnum þögn og íhugun. Starfsemin er ekki þáttur í kristinni trú heldur er hún leidd áfram af sérhæfðum andlegum leiðtogum en þeir fangar sem lokið hafa 30 daga meðferð aðstoða leiðtogana og gegna stöðu umsjónarmanna klaustursins. Fangar geta sótt um að fara í meðferð til styttri eða lengri tíma í senn og tekur styttri meðferðin yfirleitt sjö daga. Sú meðferð gengur út á það að fangar hugleiða í þögn í tvo daga og í gegnum æfingar, umræður og hópfunði öðlast þeir innsýn í það hvað það merkir að vera mennskur. Lengri meðferðin tekur 30 daga og einungis þeir sem hafa að minnsta kosti einu sinni lokið styttri meðferðinni geta sótt um að hefja lengri meðferðina (Kriminalvarden, e.d.).

## 6. Niðurstöður

Rannsóknir margra ólíkra landa hafa sýnt fram á einróma niðurstöður sem benda á að brottfall úr námi getur haft ótal neikvæðar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir einstaklingana sjálfa og samfélagið í heild sinni. Í því samhengi má til dæmis nefna áhættuhegðun en hún hefur margar ólíkar birtingarmyndir og er ein þeirra afbrotahæðun. Tengsl eru á milli misbrests í uppeldi og áhættuhegðunar síðar meir og eru miklar líkur á óæskilegri þróun í því samhengi. Því til stuðnings má nefna að börn sem sýna árásargjarna hegðun strax frá unga aldri eru líkleg til þess að sýna slíka hegðun á unglingsárum og fram á fullorðinsaldur.

Hátt hlutfall íslenskra fanga hefur litla menntun að baki og þar sem stærsta bilið virðist vera á milli grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins er nokkuð ljóst að um brottfallsnemendur er að ræða. Kalla má nám í fangelsum fullorðinsfræðslu þar sem kennslan fer fram utan almenna skólakerfisins og nemendurnir eru á fullorðinsaldri. Fullorðnir námsmenn eru gjarnan að kljást við einhvers konar hindranir sem hafa hamlandi áhrif á menntun þeirra. Námsörðugleikar eru dæmi um slíka hindrun en langflestir fangar sem stunda nám í afplánun eru að glíma við námsörðugleika á borð við athyglisbrest og fleira þess háttar. Þar sem stór meiri hluti fanga hefur áhuga á að hefja nám eða er nú þegar að mennta sig er mikilvægt að tekið sé mið af þeim kennsluáferðum sem einkenna fræðslu fullorðinna.

Aðstæður til náms eru góðar bæði á Litla-Hrauni og á Sogni en þar má finna fullbúnar skólastofur sem innihalda ýmsan fjarskiptabúnað þannig að nemendur geti sinnt sínu námi óháð því hvaða námsleið þeir hafa valið sér eða hvar þeir eru staddir í sínu námi. Námið er almennt vel sótt og eru allir fangar velkomnir í skólann. Kennarar frá Fjölbrautaskóla Suðurlands sjá um kennsluna sem er einstaklingsmiðuð og með nokkuð hefðbundnum hætti á meðan námsráðgjafi og kennslustjóri halda þétt utan um nemendahópinn og veita þeim stuðning og hvatningu. Mikilvægt er að geta boðið föngum upp á sérkennslu og aukið námsframboð og eru Fangelsismálastofnun og ráðuneytin að vinna hörðum höndum að breytingum á starfseminni. Í því samhengi telur Lóa Hrönn náms- og starfsráðgjafi einnig mikilvægt að eftirfylgni verði aukin. Mikill vilji er fyrir því að efla menntun fanga þar sem það mun skila sér margfalt til baka.

Því meiri menntun sem einstaklingur hefur að baki því ólíklegri er hann til þess að sýna afbrotahæðun og hafa rannsóknir sýnt fram á að tengsl eru á milli stuttrar skólagöngu og afbrota. Með því að auka menntunarmöguleika fanga er í raun verið að draga úr síbrotahneigð og endurkomutíðni í fangelsi. Niðurstöður langtímarannsókna hafa sýnt fram á minni afbrotahæðun og endurkomutíðni hjá þeim föngum sem höfðu sinnt nám eða starfsþjálfun í afplánun sinni. Þeir sem eru jákvæðir gagnvart námi og skóla, líður vel í námsumhverfinu og eru líklegri en aðrir til þess að leggja á sig það sem þarf til að vegna vel í skóla. Í kjölfar þess að námsráðgjafi hóf að veita föngum stuðning og ráðgjöf í námi minnkaði brottfall úr námi og varð námsárangur betri í takt við það. Nám í fangelsi eykur vellíðan þeirra sem það stunda

auk þess sem það styrkir jákvæða framtíðarsýn og væntingar til lífsins.

Vitað er að stór meiri hluti fanga er að glíma við áfengis- og vímuefnafíkn sem helst í hendur við endurkomutíðni í fangelsi. Meðferðargangurinn á Litla-Hrauni var upphaflega hugsaður sem tilraunaverkefni til sex mánaða þar sem mikil óvissa ríkti varðandi áframhaldandi fjárveitingu að þeim tíma liðnum. Tilgangurinn með starfseminni var að sporna við miklum fíkniefnavanda í fangelsinu auk þess sem það var löngu orðið tímabært að Ísland fetaði í fótspor nágrannahjóða sinna með því að bjóða föngum upp á slíka þjónustu og stuðning en sambærilegur meðferðargangur hafði verið stofnaður rúmum áratug áður í Danmörku. Nú eru liðin átta ár frá stofnun meðferðargangsins og hefur hann verið fullsetinn alveg frá upphafi auk þess sem ávallt er biðlisti eftir pláss. Eins og gefur að skilja hefur margt breyst á þessum átta árum en nú sjá faglærðir meðferðarfulltrúar til dæmis alfarið um þjónustuna í stað almennra fangavarda.

Góð meðferð þarf að vera í stöðugri þróun. Þrátt fyrir að einhverjar breytingar á starfseminni hafi átt sér stað hefur markmið meðferðargangsins alltaf verið að aðstoða fanga við að vinna bug á fíkn sinni, breyta andfélagslegu hugarfari sínu og afbrotahæðun og að venja þá við daglegt skipulag. Með öðrum orðum: Að þeir snúi við blaðinu og fari edru og afbrotalausir út í samfélagið. Fáar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á árangri meðferðargangsins en starfsfólk, fangar og aðstandendur þeirra hafa alla tíð verið jákvæð í garð starfseminnar. Að sögn Jón Þórs meðferðarfulltrúa á Litla-Hrauni er erfitt að reka slíka starfsemi í miðju öryggisfangelsi þar sem freistingarnar eru á hverju horni en þrátt fyrir það hefur meðferðargangurinn margsannað tilverurétt sinn. Á meðferðarganginum hafa margir fangar náð að snúa við blaðinu og má segja að með hverjum einasta slíka einstakling fylgi ákveðinn ávinningur fyrir samfélagið.

Á þessu ári stendur til að opna glænýtt fangelsi og markar bygging þess ákveðin tímamót hvað íslensk fangelsismál varðar. Að sögn Páls Winkel fangelsismálastjóra mun fangelsið uppfylla bæði mannúðarsjónarmið og öryggissjónarmið sem er skref í rétta átt fyrir Ísland. Sökum framkvæmda á nýja fangelsinu er búið að vera mikið rót á kerfinu undanfarið en vonast er til þess að í kjölfarið munu margvíslegar jákvæðar breytingar á starfseminni eiga sér stað. Má þar til að dæmis nefna aukið námsframboð, að fangar á meðferðargangi verði aðskildir samföngum sínum og að boðið verði upp á slíka þjónustu fyrir kvenkyns fanga í fyrsta sinn á Íslandi.

Almenn fangelsismál eru með svipuðu móti á öllum Norðurlöndunum. Með því er átt við réttarkerfið, refsivistarúrræðin, starfshætti, siði og venjur. Hvað nám og meðferðarstarfsemi varðar er Ísland aftur á móti nokkuð langt eftir á. Í menntamálum er Noregur framarlega en þar er mikið námsframboð og eftirfylgni þegar afplánun lýkur. Í norskum fangelsum eru einnig margar mismunandi lífsleiknitengdar meðferðir í boði sem tengjast samskiptahæfni, reiðistjórnun og fleiri svipuðum þáttum. Sömu sögu er að segja í Danmörku og er þar til dæmis sérstök meðferðarstefna ætluð kynferðisafbrotamönnum. Í dönskum fangelsum er þó

einnig öflug áfengis- og vímuefna meðferð og hefur hún staðið föngum til boða frá árinu 1997. Meðferðarstarfsemin þar er þó töluvert þróaðri miðað við það sem þekkist hér en þar eru sérstakar meðferðir fyrir neyslu á kannabis annars vegar og sterkari efnum hins vegar. Danir leggja mikið upp úr því að aðstoða fanga sem glíma við námsörðugleika og þar hefur starfstengt nám í matreiðslu gengið vonum framar. Í Svíþjóð er lögð rík áhersla á að fangar stundi nám í afplánun og innan fangelsiskerfisins starfa 120 löggiltir framhaldsskólakennarar. Meðferðarstarfsemin í sænskum fangelsum svipar mjög til meðferðargangsins á Litla-Hrauni en þar er einnig boðið upp á fjölbreyttari meðferðir líkt og á hinum Norðurlöndunum.

## 7. Umræður

Út frá framangreindum niðurstöðum má sjá að bæði nám og meðferðarstarfsemi í fangelsum eru óumdeilanlegir lykilþættir í átt að betrun fanga. Auknir menntunarmöguleikar fanga stuðla að lækkaðri sýbrotahneigð og endurkomutíðni í fangelsi auk þess sem það eykur vellíðan, jákvæðni og væntingar til lífsins hjá þeim sem það stunda. Það er ekkert leyndarmál að innan veggja fangelsa er stór meiri hluti fanga að glíma við áfengis- og vímuefnafíkn en það helst einmitt í hendur við háa endurkomutíðni. Það er því ekki bara jákvætt fyrir fangana sjálfa að stunda nám og vinna bug á fíkn sinni í afplánun heldur er það einnig samfélagslega jákvætt þegar á heildina er litið. Þar sem stefnumótun fangelsisyrvalda kveður á um að afplánun skuli ávallt leiða til betrunar er mikilvægt að nám og meðferðarstarf í fangelsum sé í stöðugri þróun og eftir en frekar, því það er alltaf hægt að gera betur.

Það má segja að þegar meðferðargangurinn á Litla-Hrauni var settur á laggirnar sem tilraunaverkefni síðla árs 2007 hafi íslensk fangelsismálayfirvöld tekið stórt skref í rétta átt. Meðferðargangurinn hefur almennt gengið vel síðastliðin átta ár þrátt fyrir smávægilegar breytingar á starfseminni en líkt og á við um allt meðferðarstarf er mikilvægt að það sé í stöðugri þróun. Meðferðargangurinn hefur margsannað árangur sinn og afköst og það er því fyrir löngu orðið ljóst að ekki er lengur um tilraunaverkefni að ræða heldur er hann kominn til að vera.

Jafnvel þó almenn fangelsismál séu með svipuðu móti á öllum Norðurlöndunum er nokkuð ljóst að Ísland stendur aftarlega hvað nám og meðferðarstarfsemi varðar. Skólinn á Litla-Hrauni og Sogni er vel sóttur og hefur námið almennt gengið mjög vel fyrir sig en mikil þörf er á að innleiða sérkennslu og auka námsframboðið, einkum í starfstengdu námi. Ætla má að með nýlega samþykktum lögum um fullnustu refsinga sé verið að koma til móts við ofangreind atriði sem er vissulega jákvæð breyting. Mikilvægt er að föngum sé fylgt eftir svo ekki sé hætt á að þeir flosni upp úr námi að afplánun lokinni. Eins og er býður Litla-Hraun einungis upp á meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn og eru fangar á meðferðargangi ekki aðskildir frá samföngum sínum. Litla-Hraun er jafnframt eina íslenska fangelsið sem býður upp á slíka þjónustu og er hún því hvorki í boði fyrir kvenkyns fanga né fanga sem afplána sína dóma í öðrum fangelsum. Í norrænum fangelsum er áfengis- og vímuefna meðferð töluvert þróaðri en hér og mikið framboð er af meðferðarstarfi sem snýr að lífsleiknitengdum þáttum sem er ábótavant á Íslandi. Í ljósi þess er mikilvægt að efla enn frekar bæði nám og meðferðarstarfsemi á komandi árum og eru vonir bundnar við að frekari breytingar munu eiga sér stað í kjölfar opnunar nýs fangelsis.



## 8. Lokaorð

Ýmsa lærdóma má draga af niðurstöðum ritgerðarinnar sem reifaðar voru í umræðukafla hér að framan. Í fyrsta lagi var varpað ljósi á mikilvægi náms annars vegar og meðferðarstarfs hins vegar í tengslum við betrun fanga og eru hvoru tveggja lykilþættir í því samhengi og hafa niðurstöður ótal rannsókna stutt það.

Í öðru lagi var sýnt fram á með fræðilegum jafnt sem munnlegum heimildum sem aflað var með upplýsingaviðtölum að meðferðargangurinn á Litla-Hrauni virðist kominn til að vera. Sá árangur sem virðist vera af meðferðarganginum og sú eftirspurn sem hefur verið þau átta ár sem hann hefur starfað eru nægileg rök fyrir því að starfsemin fái áfram að ganga um ókomna framtíð og eflast enn frekar í rétta átt samhliða þeim breytingum sem munu eiga sér stað innan fangelsiskerfisins á næstunni. Þar sem árangur meðferðargangsins hefur lítið sem ekkert verið rannsakaður öll þessi ár hefur verið bent á mikilvægi þess að framkvæmd verði rannsókn á starfseminni svo hægt sé að kanna nákvæman mælanlegan árangur. Í framhaldi af því er hægt að skoða nánar hvort meðferðargangurinn sé að gefa af sér jafn jákvæðar tölur og haldið er fram og jafnvel reynt að finna leiðir til þess að efla starfsemina enn frekar.

Priðji og síðasti lærdómurinn sem draga má af niðurstöðum ritgerðarinnar er sá að Ísland er langt á eftir Norðurlöndunum hvað nám og meðferðarstarfsemi í fangelsum varðar, þá sér í lagi varðandi hið síðarnefnda. Á Norðurlöndunum er mikið og þróað meðferðarstarf að finna innan veggja fangelsa og auk hefðbundinnar áfengis- og vímuefna meðferðir eru einnig meðferðir sem snúa að lífsleiknitengdum þáttum í boði og má þar einna helst nefna meðferðir sem tengjast reiði- og tilfinningastjórnun, samskiptahæfni og afbrotahæðun. Slíkt er ábótavant á Íslandi og eins og stendur er föngum hérlendis einungis boðið upp á áfengis- og vímuefna meðferð og er hún staðsett í einu fangelsi þar sem eingöngu karlmenn afplána sína dóma. Á Norðurlöndunum hafa ákveðnar meðferðir verið að skila markvissum árangri ásamt því að tilraunaverkefni tengd starfsnámi fanga hafa gengið vonum framar. Þetta er eitthvað sem íslensk fangelsisýfirvöld ættu að kanna nánar og athuga hvort hægt sé að innleiða slíkt í íslensk fangelsi.

Bundnar eru vonir við að með tilkomu nýja fangelsisins á Hólmsheiði, sem stefnt er á að taka í notkun á þessu ári, verði gerðar margvíslegar jákvæðar breytingar í tengslum við nám og meðferðarstarfsemi innan íslenska fangelsiskerfisins samhliða því sem er skref í rétta átt í fangelsismálum. Má þar einna helst nefna aukið námsframboð, sérkennslu og eftirfylgni að afplánun lokinni, frekari þróun á meðferðarstarfinu og breytingar á fyrirkomulagi um staðsetningu meðferðargangs. Páll Winkel fangelsismálastjóri telur að nýja fangelsið muni færa Ísland nær nútímanum og hefur Hreinn S. Hákonarson fangaprestur gengið svo langt að kalla Hólmsheiði "draumafangelsið". Lítið er hægt að fullyrða um stöðu mála eins og er en forvitnilegt verður að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.

## Heimildaskrá

- AA samtökin. (e.d.). Velkomin á heimasíðu AA samtakanna á Íslandi. Sótt af <http://www.aa.is/>
- Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir. (2006). *Menntun í fangelsum: “Það eina góða þarna inni.”* (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Afstaða. (2014, 25. nóvember). Mannúðar- & betrunarstefna [bloggfærsla]. Sótt af <http://www.afstada.is/stefnumoacutetun.html>
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna nr. 18/1992.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson. (2007). *Menntun, menntunarbakgrunnur og námsáhugi íslenskra fanga*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Diljá Kristjánsdóttir og Una Lára Lárusdóttir. (2008). *Meðferðargangur á Litla-Hrauni: Betrun í stað refsinga* (BA ritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/2245>
- Durkin, K. F., Wolfe, S. E. og May, R. W. (2007). Social bond theory and drunk driving in a sample of college students. *College Student Journal*, 41(3), 734-744.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1999). *Skýrsla nefndar um unga afbrotamenn*. Sótt af [http://www.domsmalaraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur\\_til\\_radherra/nr/688](http://www.domsmalaraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur_til_radherra/nr/688)
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2008). Áframhaldandi starfræksla meðferðargangsins á Litla-Hrauni tryggð. *Vefrit Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins*, 5(3). Sótt af [https://www.innanrikisraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_0508.pdf](https://www.innanrikisraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_0508.pdf)
- Fangelsi.is. (2010). Menntun fanga í fangelsum ríkisins. Sótt af <http://www.fangelsi.is/frettir/nr/268>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2008). Unglingar í vanda. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 5-16.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd - 2. útgáfa*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Guðmundur Gíslason. (2005). *Hugleiðing um einkarekstur fangelsa*. Sótt af [http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Hugleiðing\\_um\\_einkarekin\\_fangelsi.pdf](http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Hugleiðing_um_einkarekin_fangelsi.pdf)

- Herdís Skarphéðinsdóttir. (2010). *Refsing og betrun: Starf réttarfélagsráðgjafa með dómþolum* (BA ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Hreinn S. Hákonarson (2006, 9. september). Velferð fanga er allra hagur. *Morgunblaðið*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1102126/>
- Hreinn S. Hákonarson. (2012). Ber fíkniefnameðferð í fangelsi árangur? *Verndarblaðið: Um afbrot, fanga og fangelsismál, 41*. Sótt af [http://issuu.com/betristofan/docs/verndarbladid\\_2012?mode=window&pageNumber=2](http://issuu.com/betristofan/docs/verndarbladid_2012?mode=window&pageNumber=2)
- Hvers vegna eru svona margir fangar í Bandaríkjunum? (2015, 18. júlí). *Mbl.is*. Sótt af [http://www.mbl.is/frettir/erlent/2015/07/18/hvers\\_vegna\\_eru\\_svona\\_margir\\_fangar\\_i\\_banदारिकjunum/](http://www.mbl.is/frettir/erlent/2015/07/18/hvers_vegna_eru_svona_margir_fangar_i_banदारिकjunum/)
- Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2010). „Nám er besta betrunin“: Rannsókn á námi fanga í afplánun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/015.pdf>
- Ingi Ingason. (2012). *Skýrsla um skólahald á Litla-Hrauni og í Bitru/Sogni skólaárið 2011-2012*. Sótt af <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Skyrsla-um-skolahald-2011-2012.pdf>
- Innanríkisráðuneytið. (2008). *Samvinna dóms- og kirkjumálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um starfrækslu meðferðargangs á Litla-Hrauni*. Sótt af <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/6464>
- Íris Eik Ólafsdóttir. (2010). *Markmið fangelsisvistunar: Rannsókn á viðhorfum almennings til betrunar og refsíúrræða* (Óbirt meistaráritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- John Jay Research and evaluation center. (2013, 20. ágúst). Social control theory. Sótt af <http://positiveyouthjustice.org/category/key-concepts/social-control-theory/>
- Jón Torfi Jónasson (2013). Fortíð og framtíð í fullorðinsfræðslu. *Gátt ársrit um fullorðinsfræðslu og símenntun*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Kokko, K. og Pulkkinen, L. (2005). Stability of aggressive behavior from childhood to middle age in women and men. *Aggressive Behavior, 31*, 485-497.
- Kriminalforsorgen. (2012). Behandlingsindsatsen mod misbrug i fængslerne. Sótt af <http://www.kriminalforsorgen.dk/Behandling-61.aspx>

- Kriminalforsorgen. (2014, 4. september). Nyt støtteredskab til at læse og skrive. Sótt af <http://www.kriminalforsorgen.dk/Nyheder-19.aspx?M=NewsV2&PID=18&NewsID=1026>
- Kriminalforsorgen. (2015, 26. maí). Milepæl i fængselskokkeskoleprojekt. Sótt af <http://www.kriminalforsorgen.dk/Nyheder-19.aspx?M=NewsV2&PID=18&NewsID=1303>
- Kriminalforsorgen. (e.d.) Behandling. Sótt af <http://www.kriminalforsorgen.dk/Behandling-61.aspx>
- Kriminalforsorgen. (e.d.). Kognitive Programmer. Sótt af <http://www.kriminalforsorgen.dk/Kognitiveprogrammer-5148.aspx>
- Kriminalomsorgen. (e.d.). Programvirksomhet. Sótt af <http://www.kriminalomsorgen.no/programvirksomhet.237975.no.html>
- Kriminalomsorgen. (e.d.). Tilbake til samfunnet. Sótt af <http://www.kriminalomsorgen.no/tilbake-til-samfunnet.280288.no.html>
- Kriminalomsorgen. (e.d.). Utdanning og opplæring. Sótt af <http://www.kriminalomsorgen.no/utdanning-og-opplaering.237883.no.html>
- Kriminalvarden. (e.d.). Rehabilitation. Sótt af <http://www.kriminalvarden.se/swedish-prison-and-probation-service/rehabilitation/>
- Kriminalvarden. (e.d.). Spiritual activities and retreat. Sótt af <http://www.kriminalvarden.se/swedish-prison-and-probation-service/rehabilitation/spiritual-activities-and-retreat/>
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2002). *Brottfall úr námi: Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2014). Parenting in Relation to School Dropout Through Student Engagement: A Longitudinal Study. *Journal of Marriage and Family*, 76, 778-795.
- Law library – American law and legal information. (e.d.). Education and crime – Crime and educational performance. Sótt af <http://law.jrank.org/pages/1070/Education-Crime-Crime-educational-performance.html>
- Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016.

- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2007). *Könnun á vímuefnaneyslu grunnskólanema í 8., 9. og 10. bekk árið 2007*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2007). Heimilisaðstæður, félagsleg tengsl og frávíkshæðun unglunga. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII*, 181-188. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Stefnumótun í menntamálum fanga á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Nordic Council of Ministers (2009). *Nordic Prison Education. A lifelong learning perspective*. Kaupmannahöfn: TemaNord.
- Reglugerð um sérfræðileyf í félagsráðgjöf nr. 555/1999.
- Reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga afplánunarfanga nr.409/1998.
- Ríkisendurskoðun. (2010). *Skipulag og úrræði í fangelsismálum*. Sótt af <http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/fangelsismal.pdf>
- RÚV. (2015, 3. febrúar). Hálfnaðir með nýtt fangelsi. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/halfnadir-med-nytt-fangelsi>
- Schutt K. R. (2012). *Investigating the social world: The process and practice of research*. Kalifornía: Thousand Oaks.
- Sigrún Harðardóttir. (2015). *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2005). *Fangavernd og fræði: Rannsóknir, sérfræðiþekking og fagleg þjónusta í réttarkerfi* (Ráðstefna um fanga og fangelsismál). Sótt af [http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fangavernd\\_og\\_fradi\\_Dr.\\_Sigrun\\_Juliusdottir.pdf](http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fangavernd_og_fradi_Dr._Sigrun_Juliusdottir.pdf)
- Steinvör Þöll Árnadóttir. (e.d.). Hvað eru námsörðugleikar? Sótt af <http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=109&pid=18>
- Valtýr Sigurðsson. (2004). *Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna*. Sótt af <http://fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/>

## Viðauki 1: Viðtal við náms- og starfsráðgjafa

Á.D.O.:

Heyrðu já, við skulum bara byrja þetta svona almennt. Hvað heitir þú og hver er þín menntun og starfstíll?

L.H.H.:

Ég heiti Lóa Hrönn Harðardóttir. Í grunninn er ég menntuð þroskaþjálfari og félagsfræðingur og svo er ég með meistaraþráðu í náms- og starfsráðgjöf... Og semsagt, starfa við það hér sem náms- og starfsráðgjafi.

Á.D.O.:

Okei. Hvað hefur þú starfað lengi á þessum vinnustað?

L.H.H.:

Uuu... (hik). Ég er nú ekki búin að vera lengi hér. Þetta er semsagt annar veturinn minn.

Á.D.O.:

Okei.

L.H.H.:

Já.

Á.D.O.:

Getur þú sagt mér aðeins frá þínu starfi hér og í hverju það felst?

L.H.H.:

Uuu... Já. Ég starfa hér með, náíð með, kennslustjóra. Og það sem ég er að gera hér er að uuu... (hik), hvað á ég að segja. Við erum náttúrulega starfræktur skóli hér og mitt hlutverk er að vekja athygli á náminu og svona hjálpa þeim sem hér eru að átta sig á því hvað þeir hugsanlega myndu vilja læra. Og oft svona að hjálpa þeim í því að, að byrja aftur í námi vegna þess að það er oft langt liðið síðan þeir voru síðast í námi. Stór hluti hér er brottfallsnemendur þannig að mitt hlutverk er mikið það að vekja athygli á náminu, kynna námið fyrir þeim og hjálpa þeim að, að átta sig á því hvað hentar þeim í námi og eins og ég segi, þetta er oft kannski það að fylgja þeim eftir, veita þeim aðhald. Við erum náttúrulega hér bæði með nemendur á framhaldsskólastigi og á háskólastigi.

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Og hérna, þannig að, með nemendur hér í háskólanum er ég náttúrulega í nánnum samskiptum við háskólana. Mitt hlutverk er mikið það að greiða götur þeirra í námi, að þeir geti stundað nám í fjarnámi. Stundum þó það sé ekki kennt í fjarnámi. Þá erum við samt að...

Á.D.O.:

...(Grípur fram í) Að finna leiðir til þess?

L.H.H.:

Já, að fara þá leið. Þannig að mitt hlutverk er mikið að greiða götur þeirra og hérna... Að finna leiðir þannig að þeir geti stundað hér háskólanám, þó að þeirra áhugasvið, það nám sem þeir hafi áhuga á, þó það sé ekki kennt í fjarnámi.

Á.D.O.:

Já, einmitt.

L.H.H.:

Og svo auðvitað erum við að halda utan um allt prófahald. Ég og kennslustjórinn. Raunhæfnimat höfum við verið með hér. Og áhugasviðskannanir er ég með hérna líka.

Á.D.O.:

Einmitt.

L.H.H.:

Og já, eins og ég segi, það er svolítið mitt hlutverk að hjálpa þeim að staðsetja sig einhvers staðar í skólakerfinu (brosir).

Á.D.O.:

Já, nákvæmlega. Eru þetta ekki líka oftast nemendur sem hafa ekki fengið mikinn stuðning í námi áður?

L.H.H.:

...(Grípur fram í) Já. Og svo er stórt hlutfall nemenda hér með athyglisbrest og hérna, og hátt hlutfall nemenda sem ekki hefur kannski lokið grunnskóla og þá er þetta auðvitað stórt skref að hefja aftur nám. Og, og það skiptir máli að gera það vel... Að styðja vel við bakið á þeim á meðan þeir eru að byrja aftur.

Á.D.O.:

Já, akkúrat.

L.H.H.:

Hér er semsagt staðnám. Og nám er vissulega betrun. Og við leggjum mikla áherslu á námið hér og það er áhersla á það að efla það, eins mikið og við getum.

Á.D.O.:

Já, nákvæmlega. En hérna, hver var aðdragandinn að því að fangar fóru að geta stundað nám og að það var leitað til námsráðgjafa fyrir fanga?

L.H.H.:

Alveg fyrst?

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Meinaru þegar skólinn fór fyrst af stað?

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Nú náttúrulega var ég ekki þá... En þessi skóli er búinn að vera hér í um þrjátíu ár. Semsagt frá FSU. Nú reyndar þekki ég ekki alveg söguna á bakvið það, hver átti frumkvæðið á því.

Á.D.O.:

Nei, okei.

L.H.H.:

En hérna, síðan þetta fór af stað hér þá hefur þetta almennt gengið mjög vel og verið að vaxa.

Á.D.O.:

Hversu margir geta verið hér í námi í einu og hvernig virkar umsóknarferlið?

L.H.H.:

Uuu... Við tökum á móti öllum.

Á.D.O.:

Já, okei. Þannig það komast allir að?

L.H.H.:

Ef það eru of margir þá bara skiptum við hópnum. Eins og núna á haustönn urðum við að skipta hópnum. Við höfum aldrei neitað fanga hér um nám. Hér eru allir velkomnir. Og þetta virkar þannig námið hér að það er alltaf hægt að byrja. Við fylgjum semsagt ekki þessu annarskipulagi eins og venjulega er í framhaldsskólum. Hér eru þeir náttúrulega alltaf að koma og fara. Og þeir geta alltaf byrjað. Við tökum alveg á móti öllum.

Á.D.O.:

Já, okei.

L.H.H.:

En hins vegar, erum við með verknám líka og þar eru minni hópar. Og þar er oft fullt. Það eru oft biðlistar þar.

Á.D.O.:

Áttu þá við í grunnteikningu, logsuðu og þess háttar?

L.H.H.:



Já, já. Við erum með logsuðu og rafsðu og bifvélagreinar. Og þar fyllist gjarnan og þar eru minni hópar.

Á.D.O.:

Já, einmitt.

L.H.H.:

En umsóknarferlið virkar þannig að inni á göngunum erum við umsóknarblöð sem að þeir fylla út. Og það er líka mjög oft þannig að þeir dropa bara hér við og láta okkur vita að þeir vilja byrja í námi. Eða tala við fangavörðinn, félagsráðgjafann, meðferðarfulltrúann... Við vinnum þetta öll saman. Og þá hafa þeir samband við okkur og við hóum í nemandann. Þannig það er bæði þessi formlega leið en það er mjög mikið þannig að við vinnum þetta saman. Okkur er þá vísað á nemandann og við höfum þá samband við hann eða þá að hann bara droppar hér við og...

Á.D.O.:

...(Grípur fram í) Og lætur ykkur vita að hann hafi áhuga á að byrja í námi?

L.H.H.:

Já, og lætur okkur þá vita að hann hafi áhuga á námi.

Á.D.O.:

Þessi spurning er reyndar víð þar sem menn eru í mismunandi námi, en hvernig fer námið almennt fram? Eruð þið ekki með kennara sem kemur nokkrum sinnum í viku?

L.H.H.:

Það er kennsla hér alla daga.

Á.D.O.:

Já, okei.

L.H.H.:

Og námið fer þannig fram að hér kemur enskukennari, hér kemur íslenskukennari, það kemur stærðfræðikennari og í grunnteikningunni. Og þá er þetta svolítið þannig að þetta er í rauninni einstaklingsmiðað nám. Eins og í stærðfræðinni þá erum við hér með nemanda sem er alveg að byrja og við erum hér með nemanda sem er kominn miklu lengra.

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Þannig það er ekki endilega þannig að kennarinn sé mikið að kenna á töflunni, heldur er hann meira að leiðbeina hverjum og einum eftir því hvar hann er staddur í sínu námi.

Á.D.O.:

Þetta er náttúrulega svo breiður hópur að...

L.H.H.:

...(Grípur fram í) Mjög breiður hópur, já. Kennarinn verður þar af leiðandi að vera svolítið tilbúinn í þetta og mæta þeim þar sem þeir eru staddir.

Á.D.O.:

Já, nákvæmlega. Eins og á Sogni þá kenndi stærðfræðikennarinn til dæmis nokkrum sem voru kannski alveg að byrja...

L.H.H.:

...(Grípur fram í) Já.

Á.D.O.:

...Á meðan einn í hópnum var að læra húsasmíði og hann kenndi honum líka. Þetta hélst þar af leiðandi svolítið í hendur.

L.H.H.:

Já, já nákvæmlega. Kennararnir hér eru mjög færir í þessu og hafa langa og góða reynslu. Þeir vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera og gera það mjög vel.

Á.D.O.:

Getur þú lýst fyrir mér hefðbundnum degi í lífi fanga sem þú aðstoðar hér í námi?

L.H.H.:

Uuu... Nú þekki ég þetta líf náttúrulega fyrst og fremst út frá skólanum.

Á.D.O.:

Má ég þá nokkuð fá að heyra hvernig rúttínan er hérna í skólanum?

L.H.H.:

Hér?

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Við semsagt... Uuu... (hik) Já. Þeir mæta náttúrulega bara hingað á morgnana. Þú getur séð hérna hvernig rúttínan er hjá okkur (Bendir á stundatöflur).

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Þú sérð að við byrjum hérna. Hér er svona þessi hefðbundna tafla. Við byrjum semsagt alltaf klukkan 08:45. Og þú sérð að þetta eru tveir tímar hérna í íslenskunni, tvisvar sinnum í viku. Enskan: Tveir tímar, tvisvar í viku. Svo er þetta eins með stærðfræðina. Íþróttirnar eru hérna einu sinni í viku og bílgreinarnar hérna. Svo sérðu hér að við gerum hlé hérna klukkan 11:50 og byrjum svo aftur klukkan 13:15. Eða já, klukkan 12 gerum við hádegishlé og þegar við byrjum aftur erum við til 15:20.

Á.D.O.:

Já, okei.

L.H.H.:

Dagarnir eru reyndar kannski mislangir en þetta er svona rúttínan hjá okkur. Svo erum við með hádegishóp líka. Það er hópur nemenda hér sem treystir sér ekki til þess að fara inn í kennslustofuna. Þá koma þeir hérna tvisvar sinnum í viku.

Á.D.O.:

Þegar enginn annar er?

L.H.H.:

Þegar enginn annar er. Þá koma þeir hérna á mánudögum og fimmtudögum og hitta hér kennslustjóra. Þannig hann í rauninni færir þeim verkefni og tekur við verkefnum. Svo sérðu hér (bendir á stundatöflu), í tölvuverinu... Að þá erum við með sérstakan tíma og hann er semsagt fyrir þá sem eru í fjarnámi og þá hafa þeir ákveðna tíma í vikunni til þess að sinna því hér í tölvuverinu hjá okkur.

Á.D.O.:

Já, einmitt.

L.H.H.:

En svo er þetta ósköp venjuleg rúttína hér hjá okkur eins og í bara venjulegu skólastarfi. Þú veist, þeir koma hér og sækja sér kaffi og fara í frímínútur, fara svo í hádeginu inn á deild og koma svo aftur eftir hádegi. Þetta er svona ósköp hefðbundin rúttína.

Á.D.O.:

Já, okei. En hvernig er með heimanám og svoleiðis?

L.H.H.:

Já! Svo er þetta þannig að ef að þú ert áhugasamur og þetta liggur ágætlega fyrir þér og þér er að ganga ágætlega vel... Ef þeir eru duglegir að vinna heimanámið, þeir semsagt vinna það bara inni á deild hjá sér... Að ef þeir skila verkefnum ágætlega hratt að þá geta þeir klárað áfanga hratt. Meðaltíminn í því að klára einn áfanga er kannski svona tvær annir. Meðalhraðinn þá. En svo eru aðrir miklu fljótari, sem eru duglegir að vinna heimavinnuna sína. Einstaka nemandi hefur fengið að koma hér utan þessa hefðbundna... Já, eða þegar hann er ekki í tíma og þá hefur hann fengið að sitja hér inni í tölvuveri að vinna heimanámið.

Á.D.O.:

Já, okei.

L.H.H.:

Þá hef ég kannski aðeins aðstoðað hann hér og svo fer hann og vinnur. Ef honum finnst erfitt að ná einbeitingu... Og það eru náttúrulega margir hér að kljást við það að vera ekki með einbeitinguna.

Á.D.O.:

Og kannski að glíma við aðra námsörðugleika?

L.H.H.:

Já, algjörlega þannig. Það er hátt hlutfall af nemendum hér sem hefur ekki lokið grunnskóla. Þá er þetta mjög stórt skref að byrja aftur og þú þarft heilmikinn stuðning.

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Og það sem við erum mikið að vanda okkur við hér er að senda ekki nemanda í kennslustofu og fylgja honum svo kannski ekkert eftir.

Á.D.O.:

Það er náttúrulega bara ekki hægt.

L.H.H.:

Nei, nei. Þetta er svo stórt skref að byrja aftur og það er mjög mikilvægt að fylgjast með hvort hann er að ráða við námið. Því annars er þetta bara bjarnargreiði að senda einhvern hér inn í kennslustofu ef hann er ekkert að ráða við námið.

Á.D.O.:

Nei, nákvæmlega.

L.H.H.:

Og það er eitthvað sem viljum ekki sjá að... Einhver upplifi það eina ferðina enn. Að hætta. En svo er það þannig að þeir koma hér og byrja... Og svo kemur kannski tímabil þar sem þú ert engan veginn upplagður í þetta og hefur engan veginn fókusinn og þá er það bara þannig. En þú ert alltaf velkominn aftur.

Á.D.O.:

Já.

L.H.H.:

Stundum líða bara einhverjar vikur og svo koma þeir aftur. Og þeir eru velkomnir. Það er alveg þannig. Það er aldrei þannig að ef þeir eru ekki að sinna þessu og standa sig að þá eru þeir ekki velkomnir aftur. Það er alls ekki þannig. Hér er alltaf séns. Skólinn er alltaf opinn. Svo lengi sem þeir brjóta ekki þessar hefðbundnu skólareglur. Hér mega menn náttúrulega alls ekki vera í neyslu en, en annars alltaf velkomnir.

Á.D.O.:

Já, einmitt. Mér fannst líka svo frábært á Sogni, að þar myndast oft stuðningshópar í náminu og menn læra saman. Er það svoleiðis hér?

L.H.H.:

Já, já. Það er vissulega þannig (brosir). Sá sem að kann, hann hjálpar öðrum. Það er vissulega þannig og þetta er eitthvað sem við viljum gera meira af... Þessari jafningjafraeðslu. Það er

einmitt eins og á Sogni, og við höfum gert þetta líka hér. Hér eru kannski nemendur sem eru kannski færir í stærðfræði, eins og til dæmis á Sogni núna í rafmagnsfræðinni er einn sem er að kenna hinum. Við erum alveg búin að festa það ákveðið marga tíma í viku og hann fær greitt fyrir þetta. Þá er þetta bara hans vinna núna... Að kenna þessum tveimur nemendum. Þetta er eitthvað sem við viljum gera meira af, að virkja hina.

Á.D.O.:

Já, nákvæmlega.

L.H.H.:

En svo er þetta auðvitað líka bara án þess að við séum að skipuleggja þetta. Þeir hjálpast mikið að hér.

Á.D.O.:

Ef ég tala fyrir sjálfa mig, sem nemandi í háskólanámi, þá er mjög mikilvægt að geta unnið í hóp. Að hafa einhvern hóp sem er til í að hittast og vinna saman. Það er alltaf álag að vera í námi og þá er einmitt mikilvægt að geta heyrt frá öðrum og hjálpast að í verkefnavinnu. Það hjálpar manni svo mikið að fá skoðanir annarra.

L.H.H.:

Já, já, nákvæmlega. Það er mjög gott sko. Það er gott fyrir alla. Það er líka gott fyrir þann sem er að leiðbeina hinum því hann lærir líka af því.

Á.D.O.:

Nákvæmlega. En hversu löngum tíma verja fangar vanalega hér í námi hverju sinni? Þú reyndar fórst kannski aðeins inn á þetta áðan. Þú nefndir allavega hversu lengi þeir eru að ljúka einum áfanga. En veistu hversu mörgum árum þeir verja hér í námi? Eru til dæmis margir sem útskrifast hér úr framhaldsskóla?

L.H.H.:

Sko... Ég veit ekki alveg hvort að það eru... Jú, jú, hér hafa nemendur útskrifast. Ég kann svosem kannski ekki almennilega á svona meðalnámstíma. Svo er alltaf einhver endurkomutíðni og þá eru þeir hér í námi og svo fara þeir út, þeir koma aftur og halda þá áfram í sínu námi. Þannig að... Jú, jú nemendur hafa útskrifast hér. En ég kann kannski ekki alveg á svona meðaltíma sem þeir eru að sinna náminu vegna þess að þeir eru að koma og fara, þeir byrja og hætta, þeir koma aftur og það er kannski ekki endilega mikil regla á því.

Á.D.O.:

Já, einmitt. Kannski erfitt að segja?

L.H.H.:

Já, já. Það er svolítið erfitt að segja til um það.

Á.D.O.:

Heyrðu já, þú komst kannski inn á þessa spurningu líka áðan. En eru margir sem sækja um að fá að vera í náminu hér?

L.H.H.:

Jú, það er búið að vera mikil aðsókn í námið.

Á.D.O.:

Mhm.

L.H.H.:

Ætli það séu ekki svona fimmtíu nemendur núna. Ég gæti trúað því að það sé eitthvað svoleiðis með Sogni. Þeir eru semsagt þrír í háskólanámi, við erum með nemendur frá Tækniskólanum í fjarnámi þar. Þeir hafa verið þar bæði á tölvubraut sem er kennt í fjarnámi, í tölvunáminu þar. Við erum með nemendur í smáskipa... Í hérna, þú veist, pungaprófinu (brosir), smáskiparéttindin.

Á.D.O.:

Er það ekki líka kennt í Tækniskólanum?

L.H.H.:

Það er í tækniskólanum líka og þeir voru einmitt að ljúka prófi í því núna. Svo eru nemendur í fjarnámi hér til dæmis við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Þannig að, eins og ég segi... Við erum alltaf að reyna að greiða götur þeirra í þessu. Þannig að það sé ekki þannig að þeir séu bara í námi hér við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Áhuginn liggur víða og þá reynum við svona að finna út úr því. En að sjálfsögðu er stærsti hópurinn sem er hér í námi við Fjölbrautaskóla Suðurlands af því að staðnámið er náttúrulega þar. En svo erum við líka að opna fyrir þeim, ef þeir hafa áhuga á til dæmis sögu eða næringarfræði að þá hafa þeir tekið það í fjarnámi, semsagt frá FSU þó það sé ekki kennt í fjarnámi. Þá hefur kennslustjórinn svolítið verið milligöngumaður þar. Það er til dæmis einn sem er á hestabraut frá FSU. Hann er á Sogni. Og þá er hann að vinna tengt því í nágrenni þar.

Á.D.O.:

Já, þeir náttúrulega mega sækja sjálfir um vinnu ef þeir fá leyfi.

L.H.H.:

Já, já nákvæmlega.

Á.D.O.:

Er hann ekki sá eini?

L.H.H.:

Jú, þar sem hann getur tengt þetta. Semsagt bæði vinnuna sína og námið sitt. En þetta er bara nákvæmlega það sem við viljum sjá.

Á.D.O.:

Já, einmitt. Svo er þetta líka betrun. Og hjálpar viðkomandi þegar hann kemur út í samfélagið á ný...

L.H.H.:

...(Grípur fram í) Já, já, þarna er hann bara búinn að ná sér í menntun og fína starfsreynslu. Það er náttúrulega það sem við viljum sjá.

Á.D.O.:

Já, já. En já, þú fórst reyndar líka aðeins inn á þetta. En næsta spurning er semsagt: Komast færri að en vilja?

L.H.H.:

Í suma hópa, já. Þá komast færri að en vilja.

Á.D.O.:

Eru einhverjar fyrirætlanir um breytingar á starfseminni á komandi árum?

L.H.H.:

Já, sko... Nú erum við að opna nýtt fangelsi. Og svona samhliða því þá erum við að endurskoða svona allt okkar námsframboð. Við erum að vinna ákveðna stefnumótunavinnu í því núna. Hvernig við viljum sjá nám í nýju fangelsi og hvernig við viljum sjá námið þróast í öðrum fangelsum. Þannig já, við erum að vinna í því núna.

Á.D.O.:

Hvað er að ganga vel varðandi námið hér og hvað mætti betur fara?

L.H.H.:

Ég myndi segja að ákveðnum hópi gengur vel hér. Ákveðinn nemandi sem hefur einbeitinguna og kannski finnur hvatann í námi, honum er að ganga vel. Nemandi sem ætlar sér þetta og eins og ég segi, finnur svolítið þennan tilgang í þessu sem hann er að gera... Honum er almennt að ganga vel. Það sem betur mætti fara... Það mætti vera meiri stuðningur.

Á.D.O.:

Meira starfsfólk þá?

L.H.H.:

Já, við þyrftum að hafa hér sérkennslu. Við viljum sjá meira verknám. Við viljum sjá meira námsframboð og starfsþjálfun. Og þetta er eitthvað sem við erum að vinna í núna.

Á.D.O.:

Áhugavert.

L.H.H.:

Og já, hvernig við getum stutt betur við nemandann og hvernig við getum aukið námsframboð. Meiri sérkennslu. Og hérna, og, þannig að þetta er eitthvað sem við erum að skoða núna. Í semsagt í samvinnu við Fangelsismálfundun og ráðuneytin.

Á.D.O.:

Einmitt. Í ritgerðinni minni er ég svolítið að bera Ísland saman við Norðurlöndin. Þannig næsta spurning er: Veist þú hvernig námi í fangelsum á Norðurlöndunum er háttað?

L.H.H.:

Sko, Noregur hefur nú... Mér held ég sé óhætt að segja það að Noregur sé framarlega í þessum málum. Þeir endurskoðuðu fyrir ekki svo mörgum árum sína stefnu. Þeir eru meira með opin

úrræði skilst mér. Það sem að kannski... (hik), og þeir eru náttúrulega með mikið námsframboð. Þeir, skilst mér, fylgja þeim líka mjög vel eftir að afplánun lokinni. Það er mjög mikilvægt að þegar þú lýkur afplánun að þá þér sé fylgt eftir. Og þetta á reyndar líka við um það sem mætti betur fara, þetta er allavega eitthvað sem ég myndi betur vilja gera... Að það er að fylgja þeim eftir. Þeir eru hér í námi og svo ljúka þeir sinni afplánun... Við viljum náttúrulega helst að þeir haldi áfram námi. Og ég tel mikilvægt að það sé brú þarna út, að við getum fylgt þeim eftir inn í skólann þar sem þeir eru að fara í nám. Skilurðu mig?

Á.D.O.:

Já, einmitt.

L.H.H.:

Ég held að það sé mjög mikilvægt. Þegar þú hefur ekki aðhaldið, því það er allur gangur á því hvort þeir hafi stuðning í kringum sig, hvort þeir hafi fjölskyldu eða aðra í kringum sig sem hvetja þá áfram. Þannig að þetta til dæmis, myndi ég vilja efla.

Á.D.O.:

Er eitthvað um þetta núna?

L.H.H.:

Í rauninni ekki. Til dæmis ekki í mínu starfi... Við reyndar gerum þetta alveg upp að vissu marki. Félagsráðgjafinn gerir það líka. En það er kannski þetta, að þetta sé markvissara. Og að þetta sé alveg skýrt og þetta fylgi.

Á.D.O.:

Að þetta sé þá bara fyrirfram ákveðið ferli?

L.H.H.:

Já, að þetta sé ferli.

Á.D.O.:

En hvar telur þú Ísland standa í þessum málum? Semsagt í samanburði við hin Norðurlöndin.

L.H.H.:

Mmm... Ég er kannski ekki alveg rétta manneskjan til þess að svara þessu þar sem ég þekki það ekki alveg nógu vel. Ég er búin að vera svo stutt í þessu.

Á.D.O.:

Já, ég skil þig.

L.H.H.:

En mér skilst að við séum nú... Nýr forstöðumaður ætti að geta svarað þessu betur. Við stöndum svosem ágætlega en auðvitað má alltaf gera betur. Og það er mikill vilji fyrir því... Að þetta sé betrun hér í fangelsinu. Og það er áhersla á það. Þetta er eitthvað sem við erum að fara mjög gaumgæfilega yfir núna. Hvernig við getum til dæmis eflt námið og gert betur þannig að fanginn upplifi það og finni það að þetta sé betrun hér. Við megum ekki gleyma því að allir fangar koma út aftur. Þannig að við verðum að vanda okkur og gera vel þannig að þeir komi út sem betri menn.



Á.D.O.:

Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?

L.H.H.:

Nei, ég held að þetta sé svona kannski það helsta sem að já... Þetta skiptir gríðarlega miklu máli að þetta á betrun. Rannsóknir hafa náttúrulega sýnt það, bæði héraðs og erlendis að nám er betrun. Og það skilar sér margfalt til baka að setja fjármagn í menntun fanga. Það er vilji fyrir því og ég hef trú á því að við munum efla menntun fanga.

## Viðauki 2: Viðtal við meðferðarfulltrúa

Á.D.O.:

Heyrðu jæja, eigum við ekki bara að byrja þetta? Hvað er fullt nafn, menntun og starfsheiti?

J.Þ.K.:

Já. Ég heiti Jón Þór Kvaran og ég er titlaður meðferðarfulltrúi hérna sem að er bara eitthvað starfsheiti sem var til áður en ég byrjaði að vinna hérna. En ég er semsagt ráðgjafamenntaður. Semsagt menntaður í áfengis- og vímuefnaráðgjöf. Ásamt allskonar öðru. Fyrir það var ég... Ég er semsagt matreiðslumeistari og hérna...

Á.D.O.:

...(Grípur fram í) Svona sittlítið af hvoru?

J.Þ.K.:

(Brosir) Já, það má eiginlega segja það.

Á.D.O.:

En hvað hefur þú starfað lengi á þessum vinnustað?

J.Þ.K.:

Ég er búin að vera hérna á Litla-Hrauni í... (hik) Rúmlega fimm ár. Í rúmlega fimm ár hef ég semsagt séð um meðferðarstarfið hér á Litla-Hrauni og uppi á Sogni. En ég er búin að vera að starfa í þessum meðferðargeira í sennilega, rúmlega níu ár.

Á.D.O.:

Já okei. Getur þú sagt mér hver aðdragandinn að stofnun meðferðargangsins var?

J.Þ.K.:

Sko, meðferðargangurinn. Meðferðargangurinn... Ég verð eiginlega að viðurkenna að ég er kannski ekki með allar sögulegar staðreyndir á hreinu en meðferðargangurinn verður til... Uuu...

Á.D.O.:

...(Grípur fram í) Var það ekki í lok árs 2007?

J.Þ.K.:

Jú, jú. Í tíð Margrétar Frímansdóttur. Margrét Frímansdóttir barðist fyrir því að koma þessum meðferðargangi á koppinn og það var mikil þörf og er enn gríðarlega mikil þörf fyrir starfsemi innan veggja fangelsisins af því að það er náttúrulega bara gríðarlega mikill vímuefnavandi innan veggja fangelsisins, þú veist... Það er ábyggilega 80% þeirra sem afplána dóma hérna á Litla-Hrauni sem eiga við áfengis- og vímuefnavandamál að stríða. Þó þeir séu kannski ekki allir tilbúnir til þess að gera eitthvað í því. Þannig að Margrét fékk fjárveitingar í að koma þessu starfi af stað og þetta hefur eiginlega bara verið í stöðugri þróun síðan. Til þess

að byrja með var þetta í höndum fangavarða. Það voru semsagt fangaverðir sem fengu einhvers konar þjálfun til þess að sinna þessu starfi. Og svo 2010, í lok árs 2010, að þá steig Fangelsismálastofnun... Því í enda dagsins erum við náttúrulega starfsmenn Fangelsismálastofnunar... (hik). Að þá steig fangelsiskerfið sko risastórt skref í mínum huga, að ráða bara fagfólk. Með fullri virðingu fyrir fangavörðum og allt það, að ráða bara utanaðkomandi aðila til þess að sjá um þetta.

Á.D.O.:

Já, ég skil.

J.Þ.K.:

Við gegnum engum öðrum skyldum heldur en bara að sinna meðferðarstarfinu. Við erum ekki fangaverðir eða... Eða gegnum engum svoleiðis skyldum.

Á.D.O.:

Já. Mig minnir einmitt að ég hafi lesið að áður en meðferðargangurinn var stofnaður þá mældust vel yfir helmingur fanga hér undir áhrifum vímuefna.

J.Þ.K.:

Mhm. Já.

Á.D.O.:

Og þetta voru svo sjokkerandi tölur að í kjölfarið var ákveðið að gera eitthvað í þessu.

J.Þ.K.:

Já, já, einmitt.

Á.D.O.:

Sem tilraunar...

J.Þ.K.:

...(Grípur fram í) Sem tilraunarverkefni, já. Og það var þannig að í byrjun var þetta alltaf á einhvers konar aukafjárlögum og það þurfti að eltast við fjárveitingu á árlegum grundvelli bara til þess að halda þessu starfi gangandi en, en það er liðin tíð. Þetta er bara komið til þess að vera. Ef eitthvað er að þá... Þetta er náttúrulega meðferð sem er í stöðugri endurskoðun og þróun eins og allar góðar meðferðir þurfa að vera. Ég held að það séu allir farnir að sjá það að þetta... Sko ef eitthvað er þurfi að gera meðferðarstarfinu hærra undir höfuðið innan veggja fangelsiskerfisins sko.

Á.D.O.:

En getur þú sagt mér aðeins frá meðferðarganginum og svona nánar af starfseminni í kannski öðrum fangelsum?

J.Þ.K.:

Sko. Meðferðargangurinn virkar semsagt bara þannig að... Sko prógramið miðar við að þú dveljir á meðferðarganginum að lágmarki í þrjá mánuði. Það kemur enginn inn á meðferðarganginn nema hann vilji það sjálfur. Já, þú þarft að óska eftir þessari aðstoð og þú þarft að koma hingað inn sjálfviljugur. Þá er gert skriflegt samkomulag við alla sem koma inn

á meðferðarganginn og þar eru þeim kynntar út á hvað meðferðarstarfið gengur, hvaða reglur gilda þar, hvaða kröfur verða gerðar til þeirra. Það er bara gert skriflegt meðferðarfyrirkomulag þannig að það viti allir út á hvað þetta gengur. Við erum náttúrulega bara með þrógam.. Sko við vinnum náttúrulega bara fimm daga vikunnar. Starf okkar meðferðarfulltrúanna er bara frá átta til fimm virka daga þannig að við keyrum bara meðferðarþrógram frá átta á morgnana til fimm á daginn. Reyndar, með hléum inn á milli. En meðferðargangurinn er þannig að menn fara bara á fætur klukkan átta á morgnana, það er morgunfundur 20 mínútur yfir átta þar sem við erum með einhverja ákveðna hugleiðingu og menn þurfa bara að tjá sig um það út frá sjálfum sér. Við förum náttúrulega yfir þrif á ganginum og umgengni á herbergjum og menn fá plúsa eða mínusa fyrir það. Herbergin þeirra eiga að vera hrein og snyrtileg, það á að vera búið að búa um, þeir eiga að vera búnir að borða morgunmat og vera einhvern veginn tilbúnir inn í daginn. Þegar morgunfundi lýkur fara flestir í vinnu eða skóla. Það er bara skylda samhliða því að vera á meðferðarganginum, að vera annað hvort í vinnu eða skóla. Í hádeginu erum við þrjá daga vikunnar bara með grúbbuvinnu þar sem að einn í hópnum er búinn að vera með verkefni sem hann hefur kannski haft hjá sér í viku sem snýr að sko... Honum og hans vímuefnavanda eða, það er náttúrulega bara einstaklingsmiðað hvernig máli viðkomandi er að vinna að jafnvel þó allir séu svona að stefna í sömu hátt. Þeir hafa viku til þess að vinna verkefnið sem þeir flytja svo í grúbbu fyrir framan allan hópinn og samferðamenn þeirra fá tækifæri til þess að spyrja betur út í verkefnið. Svo fá þeir alltaf það sem er kallað speglun í lokin, hvað mönnum fannst um verkefnið, hvað hefði betur mátt fara. Á fimmtudögum erum við með fyrirlestur, á föstudögum erum við með svona dagskrárlið í hádeginu sem er kallaður húsfundur. Þar deilum við út verkefnum fyrir næstu viku, förum bara yfir stöðuna: Hvernig stemningin er á ganginum, hvernig mórallinn er, hvort það sé mikill óheiðarleiki í gangi þú veist... Og allt þetta. Við köllum þetta bara samviskufund, hvernig staðan á ganginum er.

Á.D.O.:

Já.

J.Þ.K.:

Uuu... Það eru sjö AA fundir hér á viku sem sinnt er af utanaðkomandi AA mönnum. Það er skyldumæting þá. Eftir að við förum heim á daginn fara þeir alltaf á AA fundi á kvöldin. Það eru AA fundir hér klukkan hálf sjö alla virka daga og svo í eftirmiðdaginn á laugardögum. Flestir sem eru uppi á meðferðargangi velja það samhliða meðferðinni að tileinka sér það sem er í boði innan AA samtakanna. Semsagt að fá sér trúnaðarmann, fara í þessa tólf spora vinnu sem er innan AA samtakanna og hérna, flestir sem koma á meðferðarganginn á annað borð og á annað borð ná einhvers konar fótfestu og ná að nýta sér þetta kjósa það að vera lengur en þrjá mánuði á meðferðarganginum. Þó við miðum við þriggja mánaða lágmark þá er svona meðaldvalartími á meðferðarganginum kannski átta mánuðir.

Á.D.O.:

Mhm.

J.Þ.K.:

Við erum náttúrulega duglegir að nota hérna, að taka svona, stikkprufur á þeim. Þú veist, að láta þá taka vímuefnatest.

Á.D.O.:

Vætanlega meira en á öðrum göngum?

J.Þ.K.:

Já, mikið meira en á öðrum göngum. Það er eitt af skilyrðunum sem þeir þurfa að skrifa undir þegar þeir koma. Ef þeir neita því að taka þvagprufu þá er þeim bara vísað af ganginum. Þetta er partur af því að ávinna sér traust hérna og partur af því sem við notum til þess að vita nákvæmlega hvar við höfum þessa stráka. Þeir skila inn þvagprufu daginn sem þeir koma inn á meðferðarganginn sem er bara svona viðmiðunarprufa, þá vitum við hvar þeir standa. Ef það mælist eitthvað í þeim þá mælum við þá bara aftur stuttu seinna til þess að tryggja að það sé runnið af þeim. Svo geta þeir lent í því hvenær sem er í rauninni, vikulega þess vegna, stundum líður lengra, stundum líður skemur á milli, sem þeir geta bara átt von á því að vera kallaðir í þvagprufu. Skili menn ekki hreinni þvagprufu þá er þeim bara vísað af ganginum. Það eru bara reglur.

Á.D.O.:

Já, þú kannski nefndir þetta aðeins áðan... En hvernig fara meðferðir fanganna fram?

J.Þ.K.:

Við erum náttúrulega bara með okkar prógram, þú veist. Menn fræðast náttúrulega heilmikið um fíknsjúkdóma. Við byrjum alltaf þar. Að fræðast um fíknsjúkdóma og hjálpa þeim að skoða bara neyslusegna sína og hvaða afleiðingar neyslan hefur haft á líf þeirra og líf þeirra nánustu. Svo erum við náttúrulega bara að vinna að allskonar verkefnum. Það er náttúrulega mjög einstaklingsbundið jafnvel þó við séum með aðal áhersluna á vímuefnavandann. Heildarmyndina og hvað það þýðir fyrir menn að vera alkóhólisti eða fíkill og hvernig sá sjúkdómur birtist í lífi viðkomandi einstaklings. Flestir þessir strákar eru að fást við mjög brotna sjálfsmynd, áralanga einhvern veginn hrakfallagöngu þannig menn hafa litla trú á sjálfum sér, þeir eru uppfullir af skömm... Við reynum náttúrulega bara að vinna með það. Bæði í einstaklingsviðtölum og verkefnavinnu. Við leggjum mikla áherslu á það, vegna þess að þessi meðferð er einhvern veginn inni í miðju öryggisfangelsi, þá leggjum við mikla áherslu á það að þeir standi þétt saman sem hópur. Þú veist, að þú veist... Þeir borða saman kvöldmat á hverju kvöldi, þeir hjálpast að við að elda. Þeir sjá um öll þrif og allt, bara eins og um heimili væri að ræða. Þeir bera ábyrgð á því öllu. Uuu... Þegar það kemur að svona útivistum og svoleiðis þá leggjum við mikla áherslu á það að þeir fari saman í svona stærri hópum. Kannski ekkert allur hópurinn saman en alltaf nokkrir saman. Það er náttúrulega bara stuðningur í fjöldanum. Raunveruleikinn er náttúrulega bara þessi, að vera með áfengis- og vímuefna meðferð í miðju öryggisfangelsi er náttúrulega bara eins og að vera með edrúborð á bar sko. Þú veist, þeir þurfa alltaf að labba hérna úti í samfélagi sem er mjög oft bara í mjög mikilli neyslu.

Á.D.O.:

Þú átt við að þeir séu kannski að standa sig vel edrú og fara svo út að hitta félagana....

J.Þ.K.:

...(Grípur fram í) Og þeir eru bara að fá sér sko.

Á.D.O.:

En hérna, hvers er ætlast til af þeim föngum sem dvelja á meðferðarganginum?

J.Þ.K.:

Ég er nú kannski búinn að nefna svolítið margt. En sko, við styðjumst við, og ég held að það verði alltaf að vera þannig í meðferðum, við styðjumst við einhvers konar svona mælanlega einingu. Við erum með einhvers konar viðmið. Það er ætlast til þess að þeir vakni á morgnana og þeir mæti á réttum tíma í prógram. Það er ætlast til þess að það sé bæði hreint og snyrtilegt

inni á herbergjum hjá þeim og eins inni á sameign. Þeir þurfa að bera á byrgð á húsverkum, sem sagt sem þeir fá úthlutað vikulega. Sem er bara partur af því að halda hreinu og snyrtilegu í kringum sig. Við leggjum mikla áherslu á að þeir séu innan þessa ramma sem meðferðin stillir upp. Gleymi menn að búa um rúmið sitt eða eru með klefann sinn skítugan þá fá þeir bara mínus í kladdann í þeim reit fyrir þann dag. Fáir menn fjóra mínusa fá þeir aðvörun, fáir menn átta mínusa þá eru þeir farnir af ganginum. Þannig að... Sko kröfurnar sem við gerum til þeirra eru einhvern veginn algjörlega uppi á borðinu. Við leggjum náttúrulega bara gríðarlega mikla áherslu á að þeir séu edrú og að þeir tileinki sér heiðarleika. Vandinn hjá þessum strákum er sameiginlegur að því leytinu til að neysla og óheiðarleiki er bara sitthvor hliðin á sama peningnum. Það helst einhvern veginn alltaf í hendur hjá þeim. Margir af þessum strákum eiga sér langa sögu af einhvers konar afbrotum og fjármagna neysluna sína með vímuefnasölu eða vímuefnainnflutningi eða einhverju vímuefnatengdu og þeir þurfa einhvern veginn bara að sleppa tókum á því og þeim hugmyndum. Séu menn uppvisir af einhverju svoleiðis þá er þeim bara vísað af ganginum.

Á.D.O.:

Getur þú lýst fyrir mér svona hefðbundnum degi? Þú reyndar fórst reyndar inn á þetta áðan.

J.Þ.K.:

Já. Hefðbundinn dagur er svolítið þessi: Bara að vakna á morgnana, gera herbergið sitt tilbúið í daginn, búa um og hafa snyrtilegt í kringum sig, borða morgunmat, mæta á morgunfund, fara í vinnu eða skóla, mæta í grúbbu í hádeginu og svo þegar það er búið þá fara þeir aftur í vinnu eða skóla og svo ljúkum við deginum á milli fjögur og fimm í svona smá samverstund... Bara þú veist, hvernig dagurinn er búinn að vera, hvað hefði betur mátt fara, hver gleymdi að gera hvað eða hver stóð sig vel í hverju og svo förum við um fimm leytið. Svo fara þeir á AA fund um hálf sjö.

Á.D.O.:

Hvað er pláss fyrir marga á meðferðarganginum og hvernig virkar umsóknarferlið?

J.Þ.K.:

Það er pláss fyrir ellefu á ganginum. Og það virkar sem sagt þannig að það er bara eyðublað sem að menn þurfa að fylla út. Semsagt, það eru bara eyðublöð liggjandi annað hvort inni á varðstofunum eða inni á göngunum þar sem að menn fylla út bara umsókn um að vilja koma inn á meðferðargang. Þegar þessi umsókn berst okkur þá köllum við á viðkomandi einstakling, við eigum við hann svona samtal, við setjum hann á biðlistann hjá okkur. Við notum náttúrulega tímum á meðan menn eru að bíða til þess að reyna að vera með hvatningarviðtöl og fá menn til þess að leggja af stað í einhverja vegferð á meðan þeir eru að bíða. Til dæmis að mæta á AA fundi, til dæmis að reyna að láta renna af sér, við bjóðum þeim upp á vikuleg viðtöl á meðan þeir eru að bíða og hérna... En biðlistin hérna inni er kannski svolítið öðruvísi en biðlisti á mörgum öðrum stöðum. En tíminn á meðan menn eru að bíða... Við erum kannski svolítið að skoða hvað menn eru að gera á meðan þeir eru að bíða. Uuu... (hik) Þú veist, menn sem sýna engan lit á meðan þeir eru að bíða... Þeir fara ekkert endilega fyrstir inn á gang. Ef það eru aðrir sem eru duglegri og áhugasamari og eru duglegir að vinna verkefni sem við erum að setja þeim, duglegir að mæta á AA fundi og eru einhvern veginn að sýna lit að þeir í alvörunni vilji þetta... Þeir koma fyrr inn á gang en aðrir.

Á.D.O.:

Eru margir sem sækja um að fá að vera hérna? Komast færri að en vilja?

J.Þ.K.:

Já, já. Það komast færri að en vilja. Það er alltaf fullur gangur. Það eru alltaf ellefu einstaklingar inni á meðferðargangi og það eru alltaf allavega alveg eins að bíða. Já, ég myndi segja það. Heilt á litið. Auðvitað rokkar biðlistinn aðeins svona... Sko meðferðarstarf inni í fangelsi er svolítið þannig að þetta er náttúrulega ótrúlega lítið samfélag þar sem allir vita allt um alla. Það eru allir mjög meðvitaðir um hvað er í gangi. Þegar meðferðargangurinn gengur vel... Meðferðargangurinn er náttúrulega bara jafn góður og einstaklingarnir sem eru á honum og hversu mikla vinnu þeir eru tilbúnir að vinna. Þegar meðferðargangurinn er góður, það er sterkur hópur þar, þar ríkir góður andi og menn eru svona í alvörunni að nýta sér þetta og ná að gera breytingar hjá sér, þá lengist biðlistinn hjá okkur. Þá verður eftirsóknarverðara að koma. Á sama tíma lendum við stundum í því að vera með erfiða hópa og þetta gengur illa eða það eru alltaf að koma einhverjar uppákomur, mikið um mannaskiptingar á ganginum af því að það er að koma upp neysla eða einhver önnur vandamál og þá svona einhvern veginn minnkar biðlistinn aftur. Þá er ekki jafn eftirsóknarvert að koma.

Á.D.O.:

Nú var meðferðargangurinn stofnaður fyrir átta árum síðan. Hvernig hefur gengið á þessum tíma?

J.Þ.K.:

Það hefur gengið allskonar. Þessi meðferð hérna, nú er ég með reynslu á að vinna á öðrum meðferðarstofnunum... Ég held sko að númer eitt: Þessi meðferð er ólík öðrum meðferðum á þann hátt að hún er einhvern veginn inni í miðju öryggisfangelsi. Strákarnir sem eru í meðferðinni þurfa einhvern veginn að eiga mjög margt sameiginlegt með öðrum sem eru í ekki meðferðinni. Það reynir einhvern veginn mjög mikið á getu og styrk einkstaklinganna sem eru á meðferðarganginum að standa sig. Það er meira um freistingar hér daglega heldur en það er um freistingar inni á öðrum meðferðarstofnunum. Venjulega eru meðferðarstofnanir þannig að þá ertu einhvern veginn bara í bómul, í skjóli frá lífinu þann tíma sem þú ert þarna inni. Uuu... Ég held samt að þessi meðferðargangur sé samt svona heilt á litið að glíma við sömu vandamál eins og í öllum öðrum meðferðum. Það kemur reglulega upp neysla inni á meðferðarganginum. Kosturinn er einhvern veginn sá að við erum með mjög virkt eftirlit með þeim. Þannig það nær einhvern veginn ekki að grassera í einhvern langan tíma. Menn sem fara í neyslu fara bara af ganginum og restin haldur áfram og tekur bara á móti einhverjum nýjum einstaklingum. Þessi meðferðargangur hefur algjörlega í hugum allra einhvern veginn sannað tilverurétt sinn. Við erum búin að skila mörgum einstaklingum edrú út í samfélagið sem hafa ekki brotið af sér og ekki komið aftur inn í fangelsið. Þannig að hérna, ég myndi segja að árangur væri algjörlega ásættanlegur miðað við umhverfið sem meðferðin er rekin í. Ég hef svosem ekki farið leynt með það heldur að ég held að það sé hægt að gera mikið betur ef þessi meðferð væri aðskilin frá öðrum. Þannig að þetta væri bara sér úrræði en ekki inni í miðju öryggisfangelsi.

Á.D.O.:

Hvernig er svona hefðbundinn vinnudagur hjá meðferðarfulltrúunum sem hér starfa?

J.Þ.K.:

Hefðbundinn vinnudagur er semsagt kannski svolítið bara í takt við dagskrána hjá strákunum. Við mætum hérna svona korter í átta, við sjáum um að opna klefana hjá strákunum á morgnana klukkan átta, þá förum við bara upp á gang og hleypum þeim fram og vekjum þá. Við höldum morgunfund með þeim 20 mínútur yfir átta, þá er annað okkar sem að semsagt heldur utan um morgunfundinn á meðan hinn labbar hringinn og fer yfir öll herbergin og gáir hvort það sé ekki örugglega allt hreint og snyrtilegt þar. Þegar strákarnir fara í vinnu eða skóla þá förum við að sinna einstaklingsviðtölum. Annað hvort að hitta strákana sem eru á biðlista

hjá okkur, kynna okkur og starf okkar fyrir öllum sem koma nýir inn í fangelsið. Þannig að ef það kemur einhver nýr inn um morguninn þá finn ég tíma til þess að hitta hann einhvern tímann í dag og bara segja honum hvað við erum að gera og athuga hvort þetta sé eitthvað sem hann gæti mögulega haft áhuga á, bjóða honum upp á áframhaldandi viðtöl sýni hann þessu einhvern áhuga. Allir strákarnir sem eru á meðferðarganginum fá að lágmarki eitt til tvö svona klukkutíma einstaklingsviðtöl í hverri viku þar sem við erum bara að vinna dagsplönnum, einhverjum verkefnum... (hóstar). Svo já, við sjáum náttúrulega um grúbba í hádeginu og svo fer eftirmiðdagurinn bara í það sama: Að sinna einstaklingsviðtölum annað hvort við strákana sem eru á ganginum, eða biðlistann eða nýja einstaklinga.

Á.D.O.:

Fá starfsmenn hér einhverja sérstaka þjálfun?

J.Þ.K.:

Starfsmenn?

Á.D.O.:

Já, meðferðarfulltrúarnir hér.

J.Þ.K.:

Já, við erum náttúrulega bæði bara menntuð. Við fórum bara í gegnum ráðgjafanáms og erum bæði búin að vera að vinna í töluvert mörg ár í þessum meðferðargeira.

Á.D.O.:

Veistu hvort það séu einhverjar fyrirætlanir um breytingar á starfsemi á komandi árum?

J.Þ.K.:

Jaaaá. Sko... (hik). Ég er að vona það, það er alveg þannig. Það sem hefur verið að gerast kannski á undanfögnu ári er kannski það að það hefur átt sér stað heilmikil umræða um það: Hvað mætti betur fara? Hvað við sjáum að gæti aukið bæði afköst og árangur meðferðanna? Það er náttúrulega búið að vera svolítið rót á fangelsiskerfinu á meðan beðið er eftir að nýtt fangelsi opni, það er búið að loka kvennafangelsinu í Kópavogi... Það er búið að vera svolítið rót á kerfinu. Ég hef allavega væntingar til þess og ákveðið vilyrði fyrir því að með opnun Hólmsheiði að það verði gerðar ákveðnar breytingar sem snúa að meðferðarmálum. Bæði það að meðferðin komist í aðstæður þar sem hún er svona aðskilin öðru og að meðferðin sé kannski bara virkari partur... Eins og staðan er í dag er engin virk áfengis- og vímuefna meðferð fyrir konur. Það er engin áfengis- og vímuefna meðferð í boði í neinu öðru fangelsi en á Litla-Hrauni. Draumurinn er náttúrulega að geta bara stækkað þetta sko. Að það séu fleiri einstaklingar sem að við getum náð til. Þannig að það sé þannig að maður sem kemur inn á Hólmsheiði sem er svona móttökufangelsi, að hann geti bara strax byrjað í einhverju ferli þar að óska eftir því að komast í meðferð, fá þjónustu og viðtöl þar, þannig að þegar hann kemur hingað þá getur hann bara dottið beint inn í meðferð.

Á.D.O.:

Já, einmitt. Veist þú eitthvað hvernig meðferðarstarfsemi er háttað í fangelsum á hinum Norðurlöndunum?

J.Þ.K.:



Já. Ég veit svona í grófum dráttum með Noreg og Danmörku. Sko, allar meðferðir eru byggðar upp á einhverri ákveðinni hugmyndafræði, einhverju ákveðnu meðferðarmódeli. Ég veit svona í grófum dráttum hvað meðferðin sem Norðmenn og Danir eru að styðjast við gengur út á. Hugmyndafræðin er í grófum dráttum ekki ólík í grunninn þeirri hugmyndafræði sem við erum að nota. En það sem gerir meðferð á hinum Norðurlöndunum og reyndar í Bretlandi líka, ég hef kynnt mér það ágætlega, er að öll áfengis- og vímuefnamedferð innan veggja fangelsisins gengur alltaf út á aðskilnað frá öðrum föngum. Það er alveg frumskilyrði í þeirra augum. Ef þú ferð inn á meðferðardeild að þá þýðir það allan tímann sem þú dvelur inn á meðferðargangi, hvort sem það eru þrjú mánuðir, sex mánuðir eða þrjú ár, að þá hittir þú ekki fanga annars staðar í fangelsinu. Þú átt engan samgang með öðrum föngum í fangelsinu.

Á.D.O.:

Þannig að það er kannski svona það helsta sem að hin Norðurlöndin hafa...

J.Þ.K.:

...(Grípur fram í) Fram yfir okkur.

Á.D.O.:

Já.

J.Þ.K.:

Það er þessi algjöri aðskilnaður. En algjör aðskilnaður leysir kannski ekki öll vandamál en leysir ansi mörg samt. Það gefur mönnum einhvern veginn meira skjól til þess að einbeita sér að því sem þeir eru að gera án utanaðkomandi freistinga og einhvern veginn áreitis. Það gerir það líka að verkum að sko... Meðferðirnar losna við einhvern veginn umsóknir frá einstaklingum sem eru ekki tilbúnir sko. Ef að meðferðargangurinn væri þannig að hann væri bara hér inni í fangelsinu og strákarnir hér myndu aldrei hitta neina aðra samfanga sína þá myndi alltaf einhver X prósentu ekki sækja um. Af því að þeim þætti þetta bara einhvern veginn leiðinleg tilhugsun.

Á.D.O.:

Ég skil.

J.Þ.K.:

Í mínum huga eru það einstaklingarnir sem eru ekki tilbúnir að stíga skrefið nógu langt hvort eð er. Ef þú ert ekki tilbúinn til þess að sleppa tókunum af gömlu vinunum sem eru ennþá að fá sér og eru ennþá í afbrotum og allt þetta, þá ertu ekki tilbúinn í þetta starf.

Á.D.O.:

Nei, nákvæmlega. En svona, hvar myndir þú telja að Ísland stæði í þessum málum í samanburði við Norðurlöndin?

J.Þ.K.:

Sko, svona heilt á litið hérna held ég að við séum langt á eftir. Það er svona mín tilfinning. Ef við tölum um bara edrústarf. Það þarf svo margt til þess að styðja við svona meðferðarstarf. Þú þarft náttúrulega öflugt AA starf og þú þarft öflugan hóp af AA mönnum sem eru tilbúnir að koma og veita þessa stuðningsþjónustu utan um AA meðferðina og þú þarft náttúruleg öflug AA samtök til þess að taka á móti þessum mönnum þegar þeir komast út í lífið til þess að veita þeim stuðning. En þegar maður ber þetta heilt saman við til dæmis Norðurlöndin þá klárlega

skortir mjög margt upp á hér. Meðferðin er svolítið endasleppt að því leytinu til að kerfið býður ekki... Fyrir alla þessa stráka er þetta svona langhlaup. Þetta langtímaverkefni. Það tekur tíma að vinna sig út úr þessu öllu saman, byrjunin er alltaf fólgin í því að láta renna af sér og ná einhverju lágmarks jafnvægi. En síðan náttúrulega þurfa menn stuðning. Bæði náttúrulega í gegnum fangelsiskerfið og eins bara í gegnum reynslulausnartímann þegar að út í lífið er komið. Þá þurfa menn aðstoð við að finna vinnu, koma undir sig fótunum þar, festa sig í sessi í AA og við erum mjög aftarlega í samanburði við til dæmis Norðurlöndin hvað þetta varðar. Hvað varðar eftirfylgni og þjónustu út í lífið.

Á.D.O.:

Þetta er nákvæmlega það sem Lóa Hrönn nefndi varðandi námið.

J.Þ.K.:

Við erum bara mjög aftarlega í því, því miður. Auðvitað er þörf á þessu fyrir alla. En ég er fyrst og fremst bara af eigingjörnum hvötum því ég náttúrulega vinn bara í áfengis- og vímuefna meðferð og hugsa fyrst og fremst bara út frá mínum skjólstæðingum og þetta er eitt af því sem ég er svona að vonast eftir að ná fram að ganga á næstu misserum í formi breytinga, það er að segja að okkur verði betur gert kleift að fylgja okkar skjólstæðingum lengra eftir í kerfinu. Eins og fyrirkomulagið er núna veitum við þeim góða þjónustu og gott aðhald og góða meðferð hér. En einhvern tímann fara þeir héðan og þá einhvern veginn bíður þeirra svo ótrúlega lítið. Ég hefði vilja sjá þetta þannig að við hefðum getað fylgt þessum strákum eftir frá því þeir koma inn í fangelsið og þangað til þeir eru orðnir frjálsir menn og búnir einhvern veginn með sína skuld við samfélagið. Búnir með reynslulausnina sína og allt það.

Á.D.O.:

Jæja, þá er ég búin með spurningarnar mínar. En er eitthvað sem þú vilt bæta við?

J.Þ.K.:

Nei, ég held að við höfum bara snert á stærstu punktana. Það er alveg þannig.

### Viðauki 3: Viðtal við forstöðumann

Á.D.O.:

Heyrðu já, við skulum bara hafa þetta stutt og hnitmiðað. Ég fékk svo góð svör frá Lóu Hrönn og Jóni Þór.

H.V.P.:

Ekkert mál.

Á.D.O.:

Getur þú sagt mér fullt nafn, menntun og starfstíll?

H.V.P.:

Já. Halldór Valur Pálsson, stjórn málafræðingur. Forstöðumaður á Litla-Hrauni og Sogni. Ég er búin að vera forstöðumaður í heila 14 daga... (Hlær). Búinn að vinna í kerfinu í 16 ár.

Á.D.O.:

Getur þú sagt mér frá aðdragandnum að stofnun meðferðargangsins?

H.V.P.:

Hmm... Það er orðið svo langt síðan þetta var. Sko, aðdragandinn er sennilega þarna árið 2006 eða 2007 minnir mig. Uuu... (hik) Þetta er hérna í rauninni, það er búið að vera löng umræða um það í mörg ár að menn kæmu hérna í neyslu inn í fangelsið.

Á.D.O.:

Já?

H.V.P.:

En gætu svo ekki tekist á við það fyrir en alveg í lok afplánunarinnar. Það þyrfti að vera einhver punktur þar sem þeir gætu farið fyrir í rauninni... Og að þeir gætu sko orðið edrú strax um leið og þeir kæmu í afplánunina. Það er svo óvanalegt að þeir þyrftu að bíða þangað til afplánuninni lyki, kannski eftir mörg ár, til þess að fá einhverja aðstoð.

Á.D.O.:

Mhm.

H.V.P.:

Þannig ef þeir ætluðu sér að vera... Hérna, komast úr neyslu strax þá var enginn sem kom að hjálpa þeim af því að þeir voru fastir hér. Þá í rauninni kviknaði þessi umræða um að við þyrftum að hafa einhvers konar meðferðarstarf einhvers staðar innan fangelsiskerfisins. Alveg ljóst að þetta þyrfti að gerast innan veggja fangelsisins. Og þá í rauninni er farið af stað með það að nokkurs konar „tilsjóna fangaverðir“, þeir voru kallaðir það þá, sem voru í rauninni ígildi meðferðarfulltrúa sem fengu það hlutverk, þegar við fengum aukafjárveitingu fyrir stöðugildi... Baráttan þarna í millitíðinni var sem sagt fyrir auka fjármagni til þess að hafa

hreinlega bara efni á því að hafa menn í þessu. Þá voru semsagt fangaverðirnir til að byrja með... Meira að segja lengi vel fangaverðir í júniformum. Svo koma menn inn í þetta eins og hann Jón Þór Kvaran, meðferðarfulltrúi, og hann nær að setja svolítið annan takt í þetta. Við fengum auka fjárveitingu til þess að bæta meðferðarfulltrúa númer tvö við. Ég er nú ekki alveg með á hreinu hvort það var strax árið eftir eða seinna. Og hérna, síðan í rauninni hafa þau verið að þróa þetta meðferðarstarf hér innanhúss síðan. Ég held að mögulega sé ég ekki alveg með ártölin á hreinu.

Á.D.O.:

Sko, ég veit að meðferðargangurinn var stofnaður upphaflega sem tilraunaverkefni árið 2007.

H.V.P.:

Já, einmitt. Þá er ég aðeins á undan mér. Þá byrjaði þetta tilraunaverkefni.

Á.D.O.:

Uuu... Hann fór reyndar svo vel inn á allt varðandi meðferðina hann Jón Þór... (hik).

H.V.P.:

Já, þekking mín á efninu er mjög yfirborðskennd. Ég man bara eftir peningastaknum um þetta, í fjárlagagerðinni... Að ná þessum peningum upp.

Á.D.O.:

En veistu til þess að það séu einhverjar fyrirætlanir um breytingar á starfseminni á komandi árum?

H.V.P.:

Sko, við erum með þetta þannig núna að þeir eru starfsmenn á Litla-Hrauni en við erum að reyna að breyta þessu þannig að þeir verði í rauninni starfsmenn á meðferðarsviði Fangelsismálastofnunar. Þannig að sá sem er yfir meðferðarsviði þar verði í rauninni þeirra yfirmaður og þau myndi þannig sameiginlegt teymi, meðferðarfulltrúarnir og félagsráðgjafarnir... Og sálfræðingarnir. Og það verði svona þeirra faglegi bakgrunnur. Og yfirmaðurinn verður þar, frekar en hér. Þá breytist mitt hlutverk úr því að vera þeirra yfirmaður í því að svona, að skapa þeim aðstæðurnar og aðstöðuna.

Á.D.O.:

Já, já.

H.V.P.:

Og... Þá geta þau meira einbeitt sér að einstaklingunum hvort sem þeir eru að koma eða fara hingað. Eða í rauninni hvort sem þeir eru á Sogni eða Kvíabryggju eða... annars staðar. Þá geta þeir í rauninni elt fangann meira í stað þess að vera alveg föst hér á deildinni og hvergi annarsstaðar.

Á.D.O.:

Já.

H.V.P.:

Að þetta verði ekki svona eyland.

Á.D.O.:

Já, nákvæmlega. Veist þú hvernig meðferðarstarfsemi er háttað á hinum Norðurlöndunum?

H.V.P.:

Hún er allavega. Munurinn á okkur og þar er sennilega þessu sterku tengsl við AA samtökin hér sem eru ekki almennt þar. En það eru til ýmsar útgáfur af meðferðarstarfi þar og það er hérna... Danirnir fara mikið í, ég hef séð... Meðferðir í fangelsum þar sem menn eru með svona meðferðar-lífsleikniþrógram. Þá snýst þetta ekki bara um neyslu, heldur bara að kunna að bjarga sér og eru með svona prógröm í kringum það. Líka prógröm í kringum kynferðisbrotamenn, sérstök, þar sem þeir fara í eiginlegar meðferðir. Svo náttúrulega bara þetta eins og er hér. Áfengis- og fíkniefnameðferðir. En þá er það ekki með þessari AA nálgun eins og er mikið hér.

Á.D.O.:

En hvar svona telur þú að Ísland standi í samanburði við Norðurlöndin í tengslum við þetta?

H.V.P.:

Sko... (hik). Fíkniefni eru ekkert algengari eða óalgengari hjá okkur heldur en í fangelsum þar. Samt finnum við örugglega fangelsi sumstaðar á Norðurlöndunum sem eru með minni fíkniefni, en ég veit til dæmis að í Danmörku eru opnu fangelsin að glíma við mikinn fíkniefnavanda sem er ekki hér. Það kannski stafar af því að meginreglan þar er að menn þurfa að vistast í opnu fangelsi fyrst og ef þeir geta það ekki þá fara þeir í lokað fangelsi.

Á.D.O.:

Nú okei, akkúrat öfugt við hér.

H.V.P.:

Já, já einmitt. Á meðan við setjum alla í lokað fangelsi og sigtum út þá sem get farið í opið. Þar af leiðandi er ástandið verra hér en betra þar, akkúrat öfugt við Danmörku. Þetta er ekkert alltaf alveg samanburðarhæft. En ef ég skoða til dæmis tölur frá Finnlandi þá eru þeir að segja að þeir finni nokkur grömm af fíkniefnum í sínum fangelsum á ári á meðan kollegar okkar Danir segja að þeir finni alveg nokkur kíló bara af kannabisefnum á ári, bara í opnum fangelsum. Þannig að sko, það er allur gangur á þessu. Og ég held að við getum fundið bæði kosti og galla. Stóru lokuðu fangelsin á Norðurlöndunum eru örugglega með minni fíkniefni en hér enda eru þau miklu lokaðri og miklu meira öryggisstofnanir. Þeir upplifa Litla-Hraun sem í meðallagi lokað fangelsi.

Á.D.O.:

Nú okei.

H.V.P.:

Já.

Á.D.O.:

En ég held að ég sé komin með svör við helstu spurningunum. Er eitthvað sem þú vilt bæta við?

H.V.P.:

Nei, ég hugsa að ég hafi komið inn á flest.